



Ritgerð til M.A.-prófs í íslenskri málfræði

Heimdragar og heimsborgarar

Menningarlegur hvati í stafrænu málsambýli

Lilja Björk Stefánsdóttir

Leiðbeinandi: Anton Karl Ingason
Maí 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

**Hugvísindasvið
Íslensku- og menningardeild**

Heimdragar og heimsborgarar

Menningarlegur hvati í stafrænu málsambýli

Ritgerð til M.A.-prófs

Lilja Björk Stefánsdóttir

Kt.: 220490-2039

Leiðbeinandi: Anton Karl Ingason

Máí 2018

Þessi ritgerð er hluti af öndvegisverkefni Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögvaldssonar sem ber heitið *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* sem styrkt er af Rannsóknarsjóði Íslands.

Útdráttur

Á síðustu árum og áratugum hafa orðið miklar samfélagsbreytingar víðast hvar í heiminum. Framfarir á sviði upplýsinga og tækni ásamt aukinni alþjóðavæðingu hafa að vissu leyti gjörbreytt heimsýn fólks og gert það að verkum að mörgum þykir heimurinn sífellt fara minnkandi. Þá hefur bylting á sviði samfélagsmiðla gert það að verkum að fjarlægð og landamæri skilja ekki fólk að með sama hætti og áður þar sem auðvelt er að eiga í samskiptum við fólk hvaðanæva úr heiminum í gegnum slíka miðla. Samhliða þessum breytingum fer mikilvægi sameiginlegs tungumáls, þ.e. tungumáls sem flestir geta notað og skilið, vaxandi og má því ætla að áðurnefndar breytingar hafi hvort tveggja áhrif á stöðu tungumála og viðhorf einstaklinga til mismunandi tungumála.

Í þessari ritgerð verður fjallað um viðhorf einstaklinga til móðurmálsins íslensku og til alþjóðlega samskiptamálsins ensku og tengsl mismunandi hvata við vilja málhafa til að tileinka sér málstaðal móðurmáls síns og/eða ensku. Leitast verður við að varpa ljósi á hvernig ólíkur menningarhvati, sem vísar til þess hvernig einstaklingar skilgreina sjálfsmynd sína í menningarlegu samhengi, kunni að hafa áhrif á viðhorf einstaklinga til íslensku og ensku. Bornar verða saman niðurstöður tveggja menningarhópa, heimdraga og heimsborgara, og færð verða rök fyrir því að ólík svör hópanna megi að einhverju leyti rekja til mismunandi menningarhvata. Ritgerðin er byggð á niðurstöðum viðhorfsspurninga sem eru hluti af vefkönnun verkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* sem styrkt er af Rannsóknarsjóði Íslands en Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson eru verkefnisstjórar.

Abstract

In recent years, societies have undergone many fundamental changes, many of which are the result of the general trend of globalization. Advancements in access to information and technology have, in a way, completely altered many people's perceptions of the world around them, leading some to feel the world is getting smaller. Alongside this, the importance of a widely understood international language has increased, and so these transitions can be expected to have an impact on languages, their status and people's attitudes towards different languages.

The thesis is based on data captured in an online survey which is a part of the project *Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact*, with the aim of examining how globalization and societal changes can affect people's attitudes towards their native language, Icelandic, and towards the global language of English. I argue that cultural motivation and people's cultural identities can influence people's attitudes towards languages and their willingness to embrace language standards. I do that by systematically comparing two groups from the survey, Cosmopolitans and Localists, focusing on how they answer questions about their attitudes towards Icelandic and English. Comparison of the two groups shows systematic differences towards Icelandic and English, indicating that cultural motivation and cultural identity can have an impact on people's attitudes towards languages.

Þakkir

Fyrst og fremst vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Antoni Karli Ingasyni, kærlega fyrir góða leiðsögn og gefandi samstarf. Við Anton höfum unnið mikið saman frá því að ég hóf meistaranám mitt og hefur hvatning hans og metnaður fyrir mína hönd reynst mér ómetanlegur og styrkt mig rosalega sem fræðikonu.

Ég vil einnig þakka Sigríði Sigurjónsdóttur og Eiríki Rögnvaldssyni fyrir það traust sem þau hafa sýnt mér í gegnum nám mitt og ekki síst fyrir að hafa boðið mér að taka þátt í verkefninu þeirra, *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*. Verkefnið hefur átt hug minn og hjarta síðustu misseri og hefur starf mitt í verkefninu verið mér ómetanleg reynsla.

Dagbjörtu Guðmundsdóttur, vinkonu, samnemanda og málfræðifélaga, þakka ég fyrir yndislega vináttu. Katrínu Maríu Víðisdóttur þakka ég fyrir yfirlestur og fyrir að hafa kennt mér að nota snipping tool. Það hefur vægast sagt haft góð áhrif á námsferilinn minn. Kidda þakka ég fyrir að vera góður vinur ásamt því sem ég vil þakka Steinunni Valbjörnsdóttur fyrir veitta aðstoð.

Ég vil þakka sambýlismanni mínum, Sindra Haukssyni, fyrir mikinn stuðning, ást og fyrir að hafa alltaf óbilandi trú á mér. Sindri á stóran þátt í því að mér sé að takast að öðlast meistaragráðu tæpum fimm árum eftir að ég hóf grunnnám við Háskóla Íslands og ég ætla bara að ganga svo langt að segja að ég hefði aldrei getað þetta án hans. Dóttur okkar, Lóa, þakka ég endalausa ást og skilning gagnvart löngum stundum sem ég hef þurft að eyða í skólanum. Lóa spurði mig líka bara einu sinni hvort ég ætlaði að gista í skólanum.

Að lokum vil ég þakka foreldrum mínum fyrir að hafa alltaf haft trú á mér.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Breytt heimssýn – breytt fólk?	5
2.1 Tengsl Íslands við umheiminn – samfélagslegar breytingar frá árinu 1980.....	5
2.2 Áhrif samfélagsbreytinga á einstaklinga.....	12
3. Málsambýli	17
3.1 Málbreytingar og málsambýli	17
3.2 Stafrænt málsambýli	23
4. Hvati til að uppfylla málstaðal	26
4.1 Málstaðall.....	26
4.2 Mismunandi gerðir hvata	29
4.3 Stílhliðrun	32
5. Menningarhvati og tungumál	37
6. Rannsókn	41
7. Niðurstöður og túlkun.....	43
7.1 Mikilvægi íslensku og ensku	44
7.2 Sjálfsmat á hæfni í íslensku og ensku	47
7.3 Hvati til að uppfylla málstaðal	50
7.4 Tíðni aðstæðna þar sem hæfni í tilteknu máli er mikilvæg.....	53
7.5 Mikilvægi sjónvarpstexta á tilteknu máli.....	55
7.6 Tungumál í tölvum og öðrum tækjum	58
7.7 Mikilvægi máls í námi og starfi	61
7.8 Aðgangur að afþreyingarefni á tilteknu máli	65
8. Samantekt	68
8.1 Heimdragar	68
8.2 Heimsborgarar.....	70
8.3 Heildarsamantekt	72
Heimildaskrá.....	75

1. Inngangur

Ýmsir þættir geta legið að baki vilja einstaklinga til að tileinka sér færni í tungumálum. Algengt er að slíkir þættir séu settir í samhengi við mismunandi gerðir hvata og því séu tengsl á milli tungumálafærni annars vegar og hvata hins vegar. Þannig hafa fræðimenn leitast við að skilgreina mismunandi gerðir hvata í tengslum við tileinkun tungumála og hafa slíkir hvatar t.a.m. verið tengdir við þau markmið sem einstaklingar setja sér eða við vilja einstaklinga til að tilheyra því málsamfélagi sem notar tiltekið tungumál (sjá t.d. Gardner og Lambert 1972 og Gardner 1985). Þá hefur hvati einnig verið settur í samhengi við sjálfsmynd einstaklinga og gera kenningar Dörnyei (1994, 2005, 2009) um kjörsjálíf og skyldusjálíf grein fyrir tengslum tungumálafærni og þeim eiginleikum sem einstaklingar ýmist vilja búa yfir eða telja sig þurfa að búa yfir.

Á tímum hnattvæðingar er mikilvægt að hvati sé greindur með tilliti til þeirra samfélagsbreytinga sem hnattvæðing hefur haft í för með sér og má þar t.d. nefna aukið flæði fólks milli landa og aukin tengsl þjóða við umheiminn. Slíkar aðstæður geta haft áhrif á stöðu tungumála og viðhorf einstaklinga til mismunandi tungumála þar sem sumir geta upplifað meiri hvata til að tileinka sér góða færni í alþjóðlega samskiptamálinu ensku en í móðurmálinu, t.d. vegna þeirra alþjóðlegu tækifæra sem felast í góðri enskufærni. Slíkan hvata má skilgreina sem menningarhvata og tengist menningarhvati því hvernig einstaklingurinn skilgreinir sjálfsmynd sína í menningarlegu samhengi. Einstaklingar geta ýmist skilgreint menningarlega sjálfsmynd sína út frá staðbundinni menningu og þjóðerni eða út frá alþjóðlegu menningarsviði og má búast við ólík menningarleg samsvörun einstaklinga komi fram sem ólíkur menningarhvati sem getur haft mismunandi áhrif á viðhorf einstaklinga til tungumála og vilja einstaklinga til að tileinka sér færni í tungumálum.

Í þessari ritgerð verður fjallað um viðhorf einstaklinga til íslensku annars vegar og til ensku hins vegar og leitast verður við að gera grein fyrir þeim hvata sem liggur að baki vilja einstaklinga til að tileinka sér færni í hvoru tungumáli fyrir sig. Fjallað verður um hvernig hnattvæðing og samfélagsbreytingar sem orðið hafa fyrir tilstilli hnattvæðingar kunni að hafa áhrif á menningarlega sjálfsmynd einstaklinga og færð verða rök fyrir því að slík áhrif kunni að koma fram sem ólík viðhorf einstaklinga til mismunandi tungumála. Markmið ritgerðarinnar er að varpa ljósi á hvort, og þá hvernig, ólíkur menningarhvati geti haft áhrif á viðhorf einstaklinga til tungumála, mikilvægis þeirra og vilja einstaklinga til tileinkunar málstaðals og verður það gert með því að bera saman viðhorf tveggja menningarhópa í íslensku samhengi, sem hér verða nefndir heimdragar og heimsborgarar, til íslensku og ensku. Hóparnir eru myndaðir út frá því hvernig þeir svara spurningu sem snýr að löngun þeirra til að búa á Íslandi í framtíðinni og eru heimdragar þeir sem eru jákvæðir gagnvart framtíðarbúsetu á Íslandi og heimsborgarar þeir sem eru annað hvort neikvæðir eða hlutlausir. Færð verða rök fyrir því að þessi ólíku viðhorf hafi þau áhrif að heimdragar og heimsborgarar upplifi mismunandi menningarhvata.

Efnisskipan ritgerðarinnar er eftirfarandi: Í öðrum kafla verður fjallað um menningarlegan bakgrunn íslensks málsamfélags með áherslu á þær breytingar sem orðið hafa í málumhverfi íslenskrar tungu vegna almennrar þróunar hnattvæðingar í heiminum. Fjallað verður um tilkomu internetsins og útbreiðslu þess, netnotkun almennings og hina svokölluðu snjalltækjabyltingu og greint verður frá umdæmisvanda íslenskrar tungu á stafrænum vettvangi og hvernig sá umdæmisvandi kemur fram. Þá verður einnig gerð grein fyrir því hvernig hnattvæðing kunni að hafa áhrif á einstaklinga og sjálfsmynd þeirra og verða hugtökin heimdragar og heimsborgarar kynnt út frá fræðilegri umfjöllun.

Í þriðja kafla verður fjallað um málsambýli og greint verður frá margslungnu samspili málbreytinga og málsambýlis. Fjallað verður um áhrif málsambýlis á tungumál, stöðu þeirra og varðveislu ásamt því sem greint verður frá félagslegum afleiðingum málsambýlis og hvernig slíkar afleiðingar geti haft áhrif á stöðu tungumála annars vegar og hvernig málsambýli þróast hins vegar. Þá verður fjallað um svokallað stafrænt málsambýli og færð verða rök fyrir því að í íslensku málsamfélagi ríki stafrænt málsambýli íslensku og ensku þar sem enska hefur umdæmi í stafrænum heimi Íslendinga. Greint verður frá líklegum áhrifum stafræns málsambýlis á tungumál og stöðu þeirra og færð verða rök fyrir því að stafrænt málsambýli geti haft samskonar áhrif og hefðbundið málsambýli á stöðu tungumála og viðhorf einstaklinga til þeirra tungumála sem lifa samhliða hvert öðru.

Í fjórða kafla verður fjallað um hvata til að uppfylla málstaðal ásamt því sem hugtakið málstaðall verður skilgreint og tekin verða dæmi um hvernig hugmyndir fólks um málstaðal geti komið fram með ólíkum hætti. Fjallað verður um hugmyndir fræðimanna um ólíkar gerðir hvata sem geta legið að baki vilja einstaklinga til að tileinka sér málstaðal annars máls og verður greint frá hugmyndum Gardner og Lambert um aðlögunartengdan og verktengdan hvata (1972), samsömunarkenningu Lambert (1985) sem og hugmyndum Dörnyei um sjálfhvatakerfið (1994, 2005, 2009). Þá verða kenningar Bourdieu (1977 og 2008) um auðmagn tengdar við umræðuna og greint verður frá rannsókn Weenink (2008) sem sýndi fram á tengsl milli hugmynda fólks um mikilvægi enskufærni við tileinkun mismunandi gerðar auðmagns. Þá verður einnig fjallað um svonefnda stílhliðrun sem lýsir því þegar einstaklingar leitast við að uppfylla málstaðal móðurmálsins og rætt verður um kenningar Labov (1966, 1972), Sankoff og Laberge (1978) og Eckert (1989, 2012) um tengsl málsniðs og félagslegra þátta.

Í fimmta kafla verður fjallað um menningarhvata og tungumál þar sem mismunandi menningarhvatarnir verða settir í samhengi við fyrri umfjöllun um heimsborgara og heimdraga í viðleitni til að tengja ólíkan menningarhvata við mismunandi menningarhópa. Í sjötta kafla verður rannsókn höfundar á viðhorfum heimdraga og heimsborgara til íslensku og ensku kynnt og gerð grein fyrir þeirri aðferðarfræði sem liggur rannsókninni til grundvallar. Í sjöunda kafla verða niðurstöður kynntar og þær greindar út frá þeim kenningum sem fjallað hefur verið um í fyrri köflum.

Í áttunda kafla verða niðurstöðurnar teknar saman í samantektarköflum þar sem fjallað verður um helstu niðurstöður hvors hóps fyrir sig ásamt því sem niðurstöðurnar verða greindar sem heild og þær settar í samhengi við heildarumfjöllun ritgerðarinnar. Í lokin verður svo greint frá því hvaða þýðingu niðurstöður rannsóknarinnar hafa fyrir fræðin og fyrir framtíðarrannsóknir á sviðinu ásamt stuttum lokaorðum.

2. Breytt heimssýn – breytt fólk?

Þegar tungumál eru rannsökuð frá félagsmálvísindalegu sjónarhorni er mikilvægt að gerð sé grein fyrir því menningarlega umhverfi sem tungumálin eru hluti af. Þetta er sérlega mikilvægt þegar hugað er að viðhorfum enda taka viðhorf mið af samtíma sínum ásamt því sem þau eru nátengd ríkjandi hugmyndafræði hvers samfélags fyrir sig. Í þessum kafla verður fjallað um menningarlegan bakgrunn íslensks málsamfélags og hvernig málumhverfi íslenskrar tungu hefur breyst tiltölulega mikið á fremur skömmum tíma. Fjallað verður um hnattvæðingu (e. *globalization*) og áhrif hnattvæðingar á íslenskt samfélag, t.d. hvað varðar upplýsingaaðgengi og tengsl Íslendinga við umheiminn, og færð verða rök fyrir því að þessir þættir hafi átt þátt í því að breyta málumhverfi íslenskrar tungu að verulegu leyti.

Í fyrri undirkafla (§2.1) verður fjallað um helstu breytingar sem orðið hafa í íslensku samfélagi með það fyrir sjónum að draga upp mynd af þeim breytingum sem orðið hafa í menningarlegu umhverfi íslenskrar tungu og hvers vegna slíkar breytingar hafa átt sér stað. Í síðari undirkafla (§2.2) verður fjallað um hvernig áður nefndar breytingar kunni að hafa áhrif á einstaklinga, heimssýn þeirra og tengsl einstaklinga við þjóðerni sitt annars vegar og við umheiminn hins vegar. Færð verða rök fyrir því að aukin áhrif hnattvæðingar séu líkleg til að hafa áhrif á menningarlega sjálfsmynd einstaklinga, a.m.k. meðal sumra, og að slíkt geti haft áhrif á viðhorf einstaklinga til móðurmálsins annars vegar og alþjóðlega samskiptamálsins ensku hins vegar.

2.1 Tengsl Íslands við umheiminn – samfélagslegar breytingar frá árinu 1980

Svo hægt sé að skilja áhrif hnattvæðingar á menningarlega sjálfsmynd Íslendinga og viðhorf þeirra til tungumála getur verið fróðlegt að rýna aðeins í hvernig aðstæður hafa breyst á síðustu áratugum. Það er t.d. hægt að gera með því að bera saman

Þjóðfélagsaðstæður á Íslandi árið 1980 við nútímann, en slíkur samanburður veitir jafnframt innsýn í eðli og umfang þeirra samfélagsbreytinga sem gengið hafa yfir á tiltölulega skömmum tíma.

Árið 1980 voru tengsl Íslendinga við umheiminn heldur öðruvísi en þau eru árið 2018. Til að mynda fékk þorri landsmanna nær allar fréttir sínar í gegnum innlenda fjölmiðla og var Ríkissjónvarpið eina sjónvarpsstöðin sem send var út um land allt. Innlent sjónvarpsefni var nokkuð áberandi í dagskrá Ríkissjónvarpsins, sem stóð fyrir útsendingum sex daga vikunnar, en ekkert sjónvarpsefni var sýnt á fimmtudögum. Júlímánuður var sjónvarpslaus fyrir flesta Íslendinga þar sem ekkert sjónvarpsefni var sent út á vegum Ríkissjónvarpsins þar að starfsmenn voru í sumarfrí. Þá höfðu flestir landsmenn aðeins aðgang að einni útvarpsstöð, Ríkisútvarpinu eða RÚV, sem sendi út útvarpsfréttir, innlent skemmtiefni fyrir almenning og barnaefni fyrir börn á öllum aldri (Guðjón Friðriksson 2000:226, 281). Nokkur dagblöð voru gefin út á Íslandi, t.d. Morgunblaðið, Dagblaðið og Þjóðviljinn. Þó voru dagblöðin lengi vel rekin sem eins konar málöggn stjórnmálaflokka þar sem áhersla var lögð á miðlun hugsjóna og stefna tiltekinna stjórnmálaflokka í ríkari mæli en á miðlun fjölbreyttra fréttu, innlendra sem og erlendra (Þorbjörn Broddason 2005:55).

Þá þjuggu tiltölulega fáir erlendir ríkisborgarar á Íslandi, a.m.k. í samanburði við önnur Norðurlönd, en hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda Íslands var 1,4% árið 1980 (Hagstofa Íslands e.d.). Innflytjendur voru lengst af fremur fáir á Íslandi og allt fram á miðbik nýunda áratugs 20. aldar höfðu flutningar erlendra ríkisborgara fremur lítil áhrif á fólksfjöldaþróun á Íslandi (Velferðarráðuneytið 2012:6,12). Innflytjendur höfðu jafnframt ekki veruleg áhrif á samsetningu þjóðarinnar á þessum árum (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson 2005:263) og má því segja að Íslendingar hafi verið fremur

einsleit þjóð árið 1980. Einsleitni þjóðarinnar kom t.d. fram í eintyngi landsins en langflestir íbúar Íslands höfðu íslensku að móðurmáli, en slík staða tungumála er fremur sjaldgæf (Thomason 2001:36).

Frá árinu 1980 hafa hins vegar orðið miklar samfélagsbreytingar víðast hvar í heiminum. Varla er orðum aukið að segja að íslenskt þjóðfélag hafi hvort tveggja dregið dám af slíkum breytingum og tekið þátt í þeim. Sökum almennrar þróunar hnattvæðingar í heiminum hafa tengsl Íslands við umheiminn stóraukist, og eru í raun vart samanburðarhæf við fyrri umfjöllun um árið 1980, en hugtakið hnattvæðing vísar til ákveðinna ferla sem fela í sér aukin tengsl þjóða við eitt og sama samfélag, hið hnattræna samfélag (Albrow 1996). Hnattvæðing er talin til einna veigamestu þátta í áðurnefndum samfélagsbreytingum og hefur hnattvæðing t.a.m. haldist í hendur við gífurlega byltingu á sviði upplýsinga og upplýsingatækni (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson 2005:253). Þá eru auknir búferlaflutningar á milli landa taldir vera ríkir þættir hnattvæðingar og er Ísland síður en svo undanskilið í þeim efnum. Þannig tók fjöldi innflytjenda að vaxa verulega um miðbik tíunda áratugs 20. aldar en umfangsmestu breytingarnar urðu á árunum 2005–2007 þegar hlutfall erlendra ríkisborgara á Norðurlöndunum fór frá því að vera lægst á Íslandi yfir í að vera hæst (Velferðarráðuneytið 2012:12). Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands (2017) voru innflytjendur alls 10,6% af mannfjölda Íslands þann 1. janúar árið 2017 og sé önnur kynslóð innflytjenda tekin með nær hlutfallið 12%. Það er jafnframt hæsta hlutfall innflytjenda á Íslandi frá því að mælingar hófust.

Eins og fram hefur komið var hlutfall innflytjenda 1,4% árið 1980 og eru tölur Hagstofu Íslands frá árinu 2017 því til marks um talsverðar breytingar á samsetningu íslensku þjóðarinnar, sem varla er hægt að kalla einsleita lengur. Þannig er t.d. ekki lengur hægt

að segja að langflestir íbúar Íslands hafi íslensku að móðurmáli enda hefur tungumálum sem notuð eru í íslensku málsamfélagi fjölgað samhliða því sem innflytjendum fjölgar. Íslenskt málsamfélag er því ekki eintyngt í sama skilningi og það var árið 1980. Þá má einnig nefna að innflytjendum fylgja gjarnan erlend menningaráhrif (sjá t.d. Parekh 2006) og má því ætla að erlend menningaráhrif hafi aukist verulega á Íslandi frá árinu 1980.

Eins og áður segir hefur hnattvæðingu fylgt bylting á sviði upplýsinga og upplýsingatækni og eru sjónvarp, tölvur og internetið talin til áhrifamestu miðla hnattvæðingartímans (e. *the global age*). Segja mætti að bylting hafi orðið í íslensku sjónvarpsumhverfi frá og með síðari hluta tíunda áratugs 20. aldar þegar fjölbreytileiki í framboði afþreyingarefnis jókst verulega, m.a. vegna fjölda erlendra sjónvarpsstöðva sem urðu Íslendingum aðgengilegar. Einokun Ríkissjónvarpsins heyrir sögunni til þar sem framboð innlendra og erlendra sjónvarpsstöðva hefur aukist talsvert síðustu ár (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson 2005:265–267). Sé hugað að þeim menningaráhrifum sem fylgja auknu framboði afþreyingarefnis má benda á að bandarískt sjónvarpsefni er afar áberandi í því erlenda sjónvarpsefni sem boðið er upp á, ekki síst á þeim sjónvarpsstöðvum sem eru einkareknar. Þá voru 80% leikinna kvikmynda sem sýndar voru í íslenskum kvikmyndahúsum árið 2000 bandarískar og má því ætla að áhrifamáttur bandaríks afþreyingarefnis sé töluverður á Íslandi (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson 2005:268–270). Rannsóknir hafa jafnframt sýnt fram á að aukin hnattvæðingarhrif á sviði sjónvarps- og afþreyingariðnaðar hafi greitt aðgengi bandarískrar menningar að öðrum þjóðum, einnig þeim þjóðum sem eru fjarlæggar Bandaríkjunum í landfræðilegum skilningi (sjá t.d. Berger og Huntington 2002). Það þýðir að vægi ensku hefur aukist í heiminum og á Íslandi kemur aukið vægi ensku t.d. fram í því að árið 1999 var enska gerð að fyrsta erlenda tungumáli íslenskra

skólabarna, en fram að því hafði danska verið kennd sem fyrsta erlenda tungumál í grunnskólum á Íslandi (Menntamála- og menningarmálaráðuneytið 2013:122).

Tilkoma internetsins er í raun bylting ein og sér og hefur internetið greitt framgang hnattvæðingaráhrifa í heiminum svo um munar. Útbreiðsla einkatölvunnar hefur orðið töluvert hröð og því til stuðnings má benda á að árið 1986 voru einkatölvur á um 20% íslenskra heimila en árið 2002 var hlutfallið komið upp í 80%. Netsamband einkatölva fór að breiðast út árið 1995 og árið 2000 voru 90% þeirra heimila sem höfðu tölvu með netsamband (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson 2005:271). Síðan þá hefur internetnotkun almennings haldið áfram að aukast og árið 2014 töldust 95% Íslendinga til reglulegra netnotenda, sem var jafnframt hæsta hlutfall netnotkunar í Evrópu það ár (Hagstofa Íslands 2014). Hér ber að taka fram að enska hefur mikið vægi á internetinu og er t.d. yfirleitt sjálfgefin (e. *default*) sem samskiptamál internetsins. Því má í raun segja að enska sé í mikilli yfirburðarstöðu á stafrænum vettvangi (Dovring 1997:22–23).

Á fyrsta áratug 21. aldar hófst svo hin svokallaða snjalltækjavæðing þegar snjallsímar og spjaldtölvur komu fyrst á almennan markað (Steingerður Ólafsdóttir 2017:2). Þar með var notkun internetsins ekki lengur bundin við tölvur og hafa slík tæki, sér í lagi snjallsímar, að vissu leyti leyst einkatölvuna af á sumum notkunarviðum. Tilkoma þessara tækja hefur haft gífurleg áhrif á netnotkun almennings þar sem styrkleiki snjalltækja gengur að mörgu leyti út á auðvelt aðgengi að internetinu. Í farsímakönnun Market Media Research í maí árið 2016 sögðust 86,7% þátttakenda eiga og nota snjallsíma og var hlutfallið hæst meðal þeirra sem tilheyrðu aldurshópnum 18–49 ára, eða 96% (Market Media Research e.d.). Þá sýndi rannsókn Steingerðar Ólafsdóttur (2017) að snjalltækjæign með tilheyrandi miðlanotkun er nokkuð mikil meðal barna á Íslandi, en 66% barna á aldrinum 2–4 ára og 89% barna á aldrinum 5–7 ára höfðu

aðgang að internetinu samkvæmt rannsókninni (sjá einnig Dagbjörtu Guðmundsdóttur og Eirík Rögnvaldsson 2018).

Því er ljóst að netnotkun Íslendinga er töluvert mikil og er óhætt að segja að Íslendingar séu fremur virkir notendur í heimi upplýsingatækninnar. Þó ber að hafa í huga að almennt séð sker Ísland sig ekki úr hvað varðar netnotkun almennings, a.m.k. ekki í samanburði við aðrar vestrænar þjóðir sem flestar mælast fremur hátt hvað varðar netnotkun íbúa (sjá t.d. Internet live stats e.d.). Því má segja að Íslendingar séu í raun þátttakendur í alþjóðlegum samfélagsbreytingum sem snúa að upplýsingatækni. Sama má segja um breytta samsetningu þjóðarinnar en búferlaflutningar milli landa hafa almennt aukist í kjölfar aukinnar hnattvæðingar í heiminum (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson 2005:262). Íslendingar eru því að ganga í gegnum sambærilega þróun og orðið hefur víða um heim þar sem áhrif hnattvæðingar koma fram sem samfélagsbreytingar sem snúa t.d. að samsetningu þjóða og auknum tengslum þjóða við umheiminn og hið hnattræna samfélag.

Það sem gerir stöðu Íslands hins vegar áhugaverða er smæð þjóðarinnar og þar með málsamfélagsins, þ.e. þeirra sem tala íslensku. Ætla má að erlend menningaráhrif og menningarstraumar hafi meiri áhrif á þau málsamfélög sem eru lítil þar sem geta stjórnvalda til verndunar og varðveislu tungumáls er háð stærð málsamfélagsins að verulegu leyti. Þannig hefur íslenska þjóðin e.t.v. ekki sömu burði og stærri þjóðir þegar kemur að verndun tungumálsins gegn erlendum menningaráhrifum enda er kostnaður slíkra aðgerða að ýmsu leyti óháður stærð málsamfélagsins. Stjórnvöld í t.d. Þýskalandi og á Spáni leggja t.a.m. töluverðar fjárhæðir á hverju ári til talsetningar á erlendu sjónvarpsefni og hefur markmið slíkra talsetninga m.a. verið að vernda móðurmál meginhluta íbúa (sjá t.d. Koolstra, Peeters og Spinhof 2002). Eðli málsins samkvæmt

eru slíkar aðgerðir kostnaðarsamari á hvern íbúa í fámennu málsamfélagi eins og á Íslandi og því hefur íslensk talsetning verið nær eingöngu bundin við afþreyingarefni sem er ætlað börnum (Íslensk málnefnd 2015). Þá er íslenska ekki gjaldgeng í stafrænum heimi að sama marki og t.d. enska þar sem notkun íslensku er ekki möguleg í tækja- og hugbúnaði margra stærstu tæknifyrirtækja heims. Íslendingar geta t.d. ekki notað íslensku í raddstýringu ýmissa tækja og forrita og þurfa þess í stað að nota ensku ætli þeir sér að nota slíkan búnað (Tinna Frímann Jökulsdóttir 2018). Aukið umfang stafrænna miðla í daglegu lífi Íslendinga skapar þannig aukið álag á íslensku og veikir í raun stöðu hennar, sem lengst af hefur verið talin nokkuð sterk (Eiríkur Rögnvaldsson 2015a).

Ýmsir hafa viðrað áhyggjur sínar af stöðu íslenskunnar í stafrænum heimi og hefur Eiríkur Rögnvaldsson (2015a) t.a.m. ítrekað þá hættu sem hann telur stafa af umdæmisvanda íslenskunnar á þessu sviði. Samkvæmt Eiríki ræðst lífvænleiki tungumála í nútímasamfélagi af getu þeirra til að standa undir kröfum upplýsingatækninnar og því sé nauðsynlegt að styrkja stöðu íslenskrar tungu á stafrænum vettvangi. Annars gæti íslensk tunga orðið fyrir því sem kallað er stafræn minnihlutavæðing (e. *digital minoritization*), sem vísar til þróunar sem verður þegar ákveðnir eiginleikar meirihlutamáls hverfa samhliða því sem eiginleikar minnihlutamáls koma fram sem eins konar afleiðing tækniþróunar og samfélagsbreytinga (Kornai 2013). Þá getur stafræn minnihlutavæðing átt sér stað þótt aðrir vísar sem mæla lífvænleika tungumála sýni ekki fram á yfirvofandi hættu, enda taka slíkir vísar alla jafna ekki tillit til stafræns málumhverfis (Deumert 2014).

Áhrif hnattvæðingar ná því ekki aðeins til almennra samfélagsbreytinga heldur geta þau einnig haft áhrif á tungumál og stöðu þeirra. Eins og staða íslenskrar tungu í stafrænum

heimi er til marks um getur breytt umhverfi á tímum hnattvæðingar veikt stöðu tungumála, a.m.k. á ákveðnum sviðum. Þegar það gerist má ætla að það hafi áhrif á viðhorf málhafa til mismunandi tungumála, þar sem sum tungumál geta einfaldlega orðið ónothæf og þar með úreld í nútímasamfélagi. Nánar verður fjallað um þetta í kafla 3.2.

2.2 Áhrif samfélagsbreytinga á einstaklinga

Ljóst er að umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað á síðustu áratugum. Tengsl Íslands við umheiminn hafa t.a.m. stóraukist, m.a. vegna tilkomu upplýsingatækninnar og þeirra erlendu menningaráhrifa sem fylgja erlendu afþreyingarefni og vaxandi fjölda innflytjenda. Hnattvæðing og áhrif hennar hafa þannig gert það að verkum að Ísland hefur breyst frá því að vera tiltölulega einsleitt og eintyngt samfélag yfir í að vera fremur fjölmenningslegt nútímasamfélag árið 2018. Ætla má að svo umfangsmiklar breytingar hafi einhvers konar áhrif á þjóðina sjálfa og verður því sjónum næst beint að því hvort, og þá hvernig, einstaklingar kunni að breytast á tímum hnattvæðingar.

Þjóðerni hefur stundum verið talið ríkur þáttur í menningarlegri sjálfsmynd hvers og eins og er þá talað um þjóðlega sjálfsmynd (e. *national identity*) (sjá t.d. Sverri Jakobsson 2003). Þó eru merki um að þetta sé að breytast og telur Giddens (1999) að hnattvæðing hafi brotið upp ýmsa þætti þeirrar félagslegu formgerðar sem áður hefur verið talin mikilvæg í þróunarferli þjóða. Samkvæmt Giddens getur aukinn straumur utanaðkomandi áhrifa og menningarstrauma orðið til þess að þjóðir glati vissum hefðum og þar með sérkennum með tímanum. Slík þróun getur haft áhrif á samkennd meðal þjóðar og valdið ákveðnu uppbroti í þjóðerniskennd einstaklinga þar sem staðbundin menning verður e.t.v. ekki að ríkjandi þætti við myndun menningarlegrar sjálfsmyndar. Þannig telur Friedman (1994:86) að hnattvæðing hafi veikt þátt þjóðernis í

menningarlegri sjálfsmynd einstaklinga þar sem tengsl einstaklinga við alþjóðlega menningarheima geti orðið sterkari en tengsl þeirra við staðbundna menningu. Það sé m.a. vegna þess að hnattvæðing hefur brotið upp tengingu fólks við fyrirfram ákveðin svæði þar sem fjarlægð og landamæri skilja fólk ekki að með sama hætti og áður.

Þá hafa ýmsir haldið því fram að hnattvæðing og áhrif hennar á einstaklinga hafi leitt af sér svonefnda heimsborgara (e. *cosmopolitans*) og heimsborgaravæðingu (e. *cosmopolitanization*) (sjá t.d. Rantanen 2005, Kendall, Woodward og Skrbis 2009). Með heimsborgaravæðingu er m.a. vísað til minnkandi þáttar þjóðernis í menningarlegri sjálfsmynd einstaklinga þar sem tengsl og samsömun við annars konar menningarheima og/eða hið hnattræna samfélag verður að ríkjandi þætti við myndun menningarlegrar sjálfsmyndar. Við slíkar aðstæður mynda einstaklingar sér eins konar heimsborgarasjálíf (e. *cosmopolitan identity*) en heimsborgarasjálíf felur t.d. í sér áhuga á alþjóðlegum málefnum, vilja eða löngun til að starfa og búa erlendis, vilja til að eiga vini af ólíkum uppruna ásamt umburðarlyndi og skilningi gagnvart annars konar menningarheimum (Yashima 2002:57). Í stað þess að líta á eitt ákveðið land sem heimili sitt líta heimsborgarar á heiminn sem heimili sitt sem gerir það að verkum að heimsborgarar eru líklegri en aðrir til að hafa lítil þjóðleg/svæðisbundin tengsl (Rantanen 2005:124). Athyglisvert er að huga að áhrifum þessarar þróunar á tungumál, enda hafa tungumál og þjóðerni oft verið talin tengjast nánnum böndum (sjá t.d. Gunnar Karlsson 1995). Ætla má að þegar þjóðleg tengsl rofna og þegar þáttur þjóðernis í menningarlegri sjálfsmynd minnkar hafi það einhvers konar áhrif á tungumál og viðhorf einstaklinga til mismunandi tungumála. Því er áhugavert að huga að því hvers konar viðhorf einstaklingar sem teljast til heimsborgara hafa til móðurmáls síns annars vegar og ensku hins vegar, sér í lagi þegar enska þjónar hlutverki samskiptatækis við hinn hnattræna heim og er jafnframt hið alþjóðlega samskiptamál.

Þó ber að varast að líta á heimsborgaravæðingu sem almenna samfélagsþróun í kjölfar hnattvæðingar. Áhrif hnattvæðingar eru margvísleg og persónubundin og þurfa ekki endilega að ýta undir heimsborgaralega hugsun og myndun heimsborgarasjálfs. Þvert á móti getur hnattvæðing einnig ýtt undir staðbundna hugsun á þann veg að tengsl einstaklinga við þjóðerni sitt og þar með tungumálið styrkist (Rantanen 2005:124–125). Þótt lítil hefð sé fyrir því í fræðunum að gefa þessum hópi heiti má kalla þennan samfélagshóp heimdraga (e. *localists*) sem eins konar andheiti við hugtakið heimsborgara. Notkun hugtaksins hér á alls ekki að vera af neikvæðum toga né á það að hafa neikvæða skírskotun heldur vísar það einfaldlega til einstaklinga sem líta á þjóðerni sitt sem mikilvægan þátt í sjálfsmynd sinni. Ólíkt heimsborgurum má búast við að áhugasvið heimdraga sé að mörgu leyti staðbundið og að heimdragar sjái framtíð sína fyrir sér í heimalandinu. Þá má jafnframt búast við að staðbundin og jafnvel fremur þjóðernisleg hugsun heimdraga komi fram sem jákvæð viðhorf til móðurmáls þeirra og er því áhugavert að bera saman viðhorf þessara tveggja hópa, þ.e. heimsborgara og heimdraga, til móðurmálsins annars vegar og til alþjóðlega samskiptamálsins ensku hins vegar. Slíkur samanburður getur jafnframt varpað ljósi á vægi menningarlegrar samsvörunar í viðhorfum málhafa til fyrsta máls og annars máls, en nánar verður fjallað um þetta í köflum 5 og 7. Áður en slíkur samanburður er gerður getur verið gagnlegt að huga kerfisbundið að þeim þáttum sem eru líklegir til að vera einkennandi og jafnframt ólíkir milli þessara menningarhópa. Sjá töflu 1:

	Heimborgari	Heimdragi
<i>Líkleg einkenni</i>	Þjóðerni skiptir litlu/engu máli	Þjóðerni skiptir máli (þjóðleg sjálfsmynd)
	Lítur á heiminn sem heimili sitt	Lítur á heimalandið sem heimili sitt
	Líklegur til að hafa lítil þjóðleg/svæðisbundin tengsl	Líklegur til að hafa mikil þjóðleg/svæðisbundin tengsl
	Alþjóðleg áhugasvið	Svæðisbundin áhugasvið (a.m.k. í samanburði við heimborgara)
	Löngun/vilji til að búa eða starfa erlendis	Sér framtíðina fyrir sér í heimalandinu

Tafla 1: Nokkur atriði sem talin eru líkleg til að vera einkennandi og aðgreinandi milli heimborgara og heimdraga.

Tafla 1 er byggð á nokkrum atriðum sem fram koma í undanfarandi umfjöllun og ber að taka fram að taflan er einungis byggð á þeim þáttum sem höfundur telur mikilvæga og líklega til að vera aðgreinandi milli hópanna tveggja. Taflan er jafnframt langt frá því að vera tæmandi og algild. Þá er nauðsynlegt að setja þann fyrirvara á að einstaklingar geta haft einkenni beggja hópa og þannig getur sjálfsmynd einstaklinga verið tengd ólíkum menningarhópum. Það þýðir að einstaklingar þurfa ekki að vera annað hvort heimdragar eða heimborgarar heldur geta þeir búið yfir svonefndri samsettri sjálfsmynd (e. *multiple/complex identity*) sem vísar til þess þegar einstaklingar skilgreina sjálfsmynd sína út frá mismunandi menningarhópum. Holliday (2016, 2018) setur þessar hugmyndir í samhengi við kynþátt og tekur Barack Obama, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, sem dæmi um einstakling sem býr yfir samsettri sjálfsmynd þar sem móðir hans er hvít en faðir hans er þeldökkur. Holliday telur að þegar einstaklingar

tilheyri tveimur ólíkum félagshópum, líkt og Obama, geti þeir borið sterk einkenni beggja hópa ásamt því sem þeir geta víxlað einkennunum eftir því sem best hentar hverju sinni. Þótt eflaust megi færa rök fyrir því að einstaklingar sem tilheyra ýmist hópi heimdraga eða heimsborgara geti borið einkenni beggja hópa verður þó framvegis fjallað um heimdraga og heimsborgara sem aðgreinda hópa.

3. Málsambýli

Í þessum kafla verður fjallað um málsambýli og hvernig málsambýli getur átt sér stað með ólíkum hætti. Fjallað verður um félagslegar afleiðingar málsambýlis og hvernig slíkar afleiðingar geta ýmist verið af jákvæðum eða neikvæðum toga og tekin verða dæmi um hvort tveggja. Áður en það verður gert verður fjallað um málbreytingar, mismunandi gerðir málbreytinga og tengsl málbreytinga við málsambýli. Færð verða rök fyrir því að málsambýli geti valdið umfangsmeiri breytingum á formgerð tungumála en almennar málbreytingar gera að jafnaði og tekið verður dæmi um málbreytingu sem sett hefur verið í samhengi við náíð málsambýli tveggja tungumála því til rökstuðnings. Þá verður gerð grein fyrir annarri og nýrri gerð málsambýlis, þess sem kallað hefur verið stafrænt málsambýli (e. *digital language contact*) og færð verða rök fyrir því að stafrænt málsambýli geti haft samskonar áhrif á formgerð tungumála og hefðbundið málsambýli ásamt því sem það getur einnig haft félagslegar afleiðingar.

3.1 Málbreytingar og málsambýli

Tungumál eru tiltölulega stöðug í þeim skilningi að þau breytast yfirleitt ekki mikið á milli kynslóða. Stöðugleiki tungumála ræðst að vissu leyti af getu barna til að nema móðurmál sitt, en börn ná yfirleitt tökum á flóknum málfræðipáttum móðurmálsins á fyrstu æviárunum án mikillar fyrirhafnar (sjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur 2013). Það þýðir hins vegar ekki að tungumál breytist ekki enda eru málbreytingar í raun hluti af þróunarferli lifandi tungumála (sjá t.d. Labov 2007). Algengt er að málbreytingar séu settar í samhengi við máltöku barna og er David Lightfoot oft talinn frumkvöðull á því sviði. Samkvæmt Lightfoot (2006:12–13) eiga allar málbreytingar sér uppruna í máltökufurlinu og þær verða þegar málumhverfi barns er að einhverju leyti öðruvísi en þegar foreldrar þess tóku málið. Breytt málumhverfi, þ.e. máláreiti, verður til þess að

nýjung kviknar í málkerfi barns þannig að það byggir sér upp nýja reglu sem er að einhverju leyti ólík reglum foreldranna.

Þó ber að hafa í huga að þótt vissulega séu rök fyrir því að setja málbreytingar í samhengi við máltökufærlið hafa ýmsar rannsóknir leitt í ljós að málhafar séu færir um að breyta máli sínu eftir að máltökuskeiði lýkur (sjá t.d. Sankoff 2004, Sankoff og Blondeau 2007, Kwon 2014, MacKenzie 2017, Lilja Björk Stefánsdóttir og Anton Karl Ingason 2018). Slíkar málbreytingar eru yfirleitt kallaðar lífsleiðarbreytingar (e. *lifespan change*) og geta lífsleiðarbreytingar ýmist verið samfélagsbundnar (e. *community-specific lifespan change*) eða einstaklingsbundnar (e. *individual-specific lifespan change*). Samfélagsbundnar lífsleiðarbreytingar lýsa því þegar hópar málhafa innan tiltekins málsamfélags breyta málnotkun sinni á kerfisbundinn hátt með tilliti til yfirstandandi breytinga í samfélaginu og geta slíkar breytingar ýmist farið í sömu eða gagnstæða átt við breytingarnar í samfélaginu. Einstaklingsbundnar lífsleiðarbreytingar eru aftur á móti ekki í kerfisbundnum tengslum við samfélagið heldur lýsa þær því þegar einstaklingar breyta máli sínu, jafnvel mjög snögglega, vegna ýmissa atburða í lífi þeirra. Slíkar breytingar eru oft sveiflukenndar og ófyrirsegjanlegar.

Því er e.t.v. örllítið skrítið að tala um tungumál sem stöðug á sama tíma og gert er ráð fyrir málbreytingum sem hluta af eðlilegri þróun tungumála. Stöðugleiki tungumála snýr hins vegar að því að málbreytingar hafa yfirleitt ekki áhrif á vissa grunnþætti tungumála sem gerir það að verkum að ákveðnir formlegir þættir breytast yfirleitt ekki mikið á milli kynslóða. Setningafræðileg bygging (e. *syntactic structure*) tungumáls er einn þeirra grunnþátta sem haldið hefur verið fram að breytist alla jafna ekki, a.m.k. ekki án þess að sérstakar aðstæður komi til (sjá t.d. Longobardi 2001; en þó Walkden 2012), og því sé setningafræði hvers tungumáls fremur stöðug, óháð þeim

málbreytingum sem ganga yfir hverju sinni. Labov og Harris (1986) tengja þetta við félagslegt mat (e. *social evaluation*) sem vísar til þess þegar tiltekið máltilbrigði nýtur meiri virðingar innan málsamfélagsins en annað og öðlast þannig ákveðna félagslega merkingu. Við slíkar aðstæður myndast ákveðinn félagslegur þrýstingur sem getur knúið málbreytingar áfram. Þannig telja Labov og Harris að ástæða þess að setningafræði sé fremur stöðug er sú að setningafræði er óhlutstæður (e. *abstract*) þáttur tungumálsins en félagslegt mat beinist fyrst og fremst að þeim þáttum tungumálsins sem eru hlutstæðir (e. *concrete*), eins og t.d. einstök orð og hljóð. Því sé ólíklegra að setningafræðilegir þættir á borð við orðaröð og færslur öðlist félagslega merkingu og verði þannig fyrir áhrifum félagslegs þrýstings en þeir þættir tungumálsins sem eru hlutstæðir.

Raskist setningafræði tungumáls hins vegar er það yfirleitt tengt við einhvers konar röskun sem orðið hefur í málsamfélaginu, t.d. þegar tungumálið lifir í nánú sambýli við annað tungumál, og er þá talað um málsambýli (e. *language contact*). Málsambýli lýsir því þegar tvö eða fleiri tungumál mætast þannig að þau verða fyrir áhrifum hvort frá öðru og getur málsambýli t.d. átt sér stað meðal tvítyngdra einstaklinga og í samfélögum þar sem tvö eða fleiri tungumál eru töluð (Thomason 2001:1–3). Þegar málsambýli er náð getur það haft áhrif á formlega þætti tungumála sem verða yfirleitt ekki fyrir áhrifum sjálfsprottinna málbreytinga, þ.e. breytinga sem eiga sér ekki stað vegna annarra málbreytinga eða utanaðkomandi þátta, og þannig getur málsambýli haft áhrif á þau form tungumála sem eru alla jafna stöðug. Sem dæmi um málbreytingu sem sett hefur verið í samhengi við málsambýli má nefna breytta stöðu sagnar í norðurmállýsku miðensku. Kroch og Taylor (1994) telja að þessi breyting hafi orðið fyrir tilstilli áhrifa frá skandinavísku meginlandsmálunum en á því tímabili sem breytingin átti sér stað var aðstreymi Dana og Norðmanna til norðurhluta Englands

fremur mikið. Við þær aðstæður skapaðist málsambýli ensku annars vegar og dönsku og norsku hins vegar sem, samkvæmt Kroch og Taylor, hafði þau áhrif að setningagerð miðensku tók upp ákveðna setningafræðilega þætti skandinavísku meginlandsmálanna.

Málsambýli tveggja eða fleiri tungumála getur því haft áhrif á formgerð tungumála og þannig valdið annars konar breytingum en almennar málbreytingar gera að jafnaði. Þá getur málsambýli einnig haft félagsleg áhrif og samkvæmt Thomason (2001:5) hefur málsambýli alltaf félagslegar afleiðingar, hvort sem afleiðingarnar séu af jákvæðum eða neikvæðum toga. Thomason nefnir stöðu tungumála í Paragvæ sem dæmi um jákvæðar afleiðingar málsambýlis á tungumál, en þar hafa spænska og guaraní hvort tveggja stöðu opinbers tungumáls og flestir íbúar landsins eru jafnframt tvítyngdir. Guaraní er mál frumbyggja á þessu landssvæði og þrátt fyrir ítök spænsku í rómönsku Ameríku, sem kemur bersýnilega fram í opinberri stöðu hennar í Paragvæ, virðist sem staða guaraní hafi ekki veikst. Þvert á móti virðist sem ítök spænsku hafi í raun styrkt stöðu guaraní meðal íbúa og gert það að verkum að þeir líta á tungumálið sem dýrmætan menningararf sem sé jafnframt einhvers konar ósnertanleg eign þeirra.

Minnihlutavæðing tungumála er hins vegar dæmi um neikvæðar afleiðingar málsambýlis en með minnihlutavæðingu er m.a. átt við þegar annað tungumálið verður ríkjandi (e. *dominant*) á kostnað hins, sem verður víkjandi (e. *recessive/non-dominant*) (sjá t.d. Thomason 2001). Þegar slík aðgreining hefur orðið er algengt að ríkjandi tungumálið þenjist út þannig að notkunarviðum þess fer fjölgandi samhliða því sem notkunarviðum víkjandi tungumálsins fer fækkandi. Þar með skapast svokallaður umdæmisvandi hjá víkjandi málinu en umdæmisvandi vísar til þess þegar tiltekið tungumál er ekki nothæft á öllum sviðum. Staða minnihlutamála í ýmsum þróunarlöndum er ágætis dæmi um slíkt, en nokkuð algengt er að stuðningur stofnana á

sviði menntamála, fjölmiðla og stjórnsýslu sé einskorðaður við ríkjandi tungumál á kostnað þeirra sem eru víkjandi. Þannig fer útpensla ríkjandi tungumála yfirleitt ekki fram með formlegri valdbeitingu heldur með útbreiðslu þeirrar hugmyndafræði að annað tungumálið sé rétt hærra en hitt, sem getur t.d. birst með þeim hætti að ríkjandi tungumálið sé notað í menntakerfi og við fjölmiðlun (Brenzinger 2000:282). Með þessu getur skapast vantrú innan málsamfélagsins gagnvart gildi víkjandi málsins sem getur haft þau áhrif að einstaklingar bera mismikla virðingu fyrir tungumálum sem lifa samhliða hvert öðru, sem skapar jafnframt ákveðna stéttaskiptingu tungumála (sjá t.d. Ara Pál Kristinsson 2017 og Romaine 1995).

Viðhorf málsamfélagsins til tungumála innan málsambýlis geta því haft áhrif á það hvernig málsambýli þróast, sem og stöðu þeirra tungumála sem lifa samhliða hvert öðru hverju sinni. Þróun írsku (*Gaeltachtaí*) er ágætis dæmi um það hvernig ríkjandi tungumál geta minnihlutavæðst í málsambýli vegna neikvæðra viðhorfa málsamfélagsins, en málsambýli írsku og ensku á sér langa sögu. Smám saman vék þjóðtungan írsku fyrir ensku og hafa umskiptin oft verið sett í samhengi við hrinu félagslegra og efnahagslegra áfalla sem dundu yfir Írland á fimmta áratug 19. aldar, þótt erfitt sé að tímasetja umskiptin nákvæmlega (Hindley 1990:13). Neikvæð viðhorf Íra gagnvart írsku komu t.d. fram í því að mörgum þótti tungumálið standa í vegi fyrir þeim hvað varðar atvinnutækifæri, félagslegan hreyfanleika (e. *social mobility*) og við menntun. Þannig var írsku í raun talin vera tungumál fátæktar, ólæsis og jaðarsetningar en aftur á móti var litið á ensku sem tungumál menntunar, atvinnu og félagslegs hreyfanleika (Mac Giolla Chríost 2005:117).

Þá áttu brottfluttir Írar þátt í að viðhalda þessum viðhorfum en í fjölmörgum bréfum sem eru rituð af Írum sem höfðu flust til Norður-Ameríku á 19. öld er áberandi hversu margir leggja áherslu á gagnsemi ensku annars vegar og óhentugsemi írsku hins vegar. Svonefnd Ameríkubréf eru jafnframt talin hafa gegnt lykilhlutverki í enskuvæðingu (e. *anglicization*) Írlands á 19. öld enda inniheldu mörg þeirra hvatningu þess efnis að foreldrar skyldu leggja áherslu á menntun barna sinna svo börnin næðu tökum á ritaðri og talaðri ensku. Þá er ein ráðlegging sem fram kemur í bréfaskiptum milli fjölskyldumeðlima sérstaklega eftirtektarverð: „I gcuntas Dé múin Béarla do na leanbháin is ná bídis dall ar nós na n-asal a teacht anseo mac.” [þýð: Í guðanna bænum, kennið börnunum ensku og ekki vera blind eins og asnarnir sem hafa komið hingað.] (Corrigan 1992, tilvitnað eftir Mac Giolla Chríost 2005:101).

Varla verður hægt að sýna fram á neikvæð viðhorf með áhrifaríkari hætti en þessum og áttu viðhorf sem þessi stóran þátt í því að írsku rambaði á barmi útrýmingar allt fram til ársins 1922, þegar Írar hlutu sjálfstæði frá Bretum og tóku upp írskukennslu samhliða enskukennslu. Upp frá því hefur staða írsku styrkst og samkvæmt stjórnarskrá landsins er írsku þjóðtunga Íra og er írsku jafnframt metin fremri ensku, sem er sögð vera annað tungumál Írlands (Þorvaldur Gylfason 2002). Írsku hefur samt sem áður enn flest einkenni minnihlutamáls þar sem t.d. hlutfall málhafa sem hefur írsku að móðurmáli er fremur lágt og enginn innan þess hóps er talinn vera eintyngdur. Enska er aftur á móti ríkjandi á flestum, ef ekki öllum, sviðum þjóðfélagsins þar sem flestir íbúar Írlands hafa ensku að móðurmáli. Þannig gefur opinber staða írsku að vissu leyti ranga mynd af raunverulegri stöðu tungumála á Írlandi (Hindley 1990:221).

3.2 Stafrænt málsambýli

Í undanfarandi kafla var greint frá málsambýli í fremur hefðbundnum skilningi, þ.e. þegar tvö eða fleiri tungumál lifa beinlínis samhliða hvert öðru, og færð voru rök fyrir því að málsambýli geti hvort tveggja haft áhrif á formgerð tungumála sem og þróun þeirra og varðveislu. Í nútímanum má hins vegar finna aðra og nýja gerð málsambýlis, það sem hefur verið kallað stafrænt málsambýli (e. *digital language contact*), en líta má á stafrænt málsambýli sem eins konar afurð þeirra gífurlegu tæknibyltinga sem orðið hafa síðustu ár, samanber umfjöllun í kafla 2.1. Stafrænt málsambýli vísar til áhrifa eins tungumáls á annað í gegnum stafræna miðla en ólíkt hefðbundnu málsambýli þurfa tungumál í stafrænu málsambýli ekki endilega að lifa samhliða hvert öðru í daglegu lífi utan tækninnar. Eins og fram hefur komið er enska það tungumál sem náð hefur hvað mestri útbreiðslu á stafrænum vettvangi og samkvæmt Dovring (1997:22) hafa stafrænar miðlar gert ensku að hinu alþjóðlega samskiptamáli, *Lingua Franca*, nútímans. Þannig er enska í raun í yfirburðarstöðu í stafrænum heimi og því er líklegt að flest raunveruleg dæmi um stafrænt málsambýli feli í sér áhrif ensku á önnur tungumál, þótt eflaust megi finna dæmi um að önnur útbreidd tungumál geti haft samsvarandi áhrif á stafrænum vettvangi.

Eins og greint var frá í kafla 2.1 er staða íslensku í stafrænum heimi tiltölulega veik þar sem notkun íslensku er ekki möguleg í tækja- og hugbúnaði margra tæknifyrirtækja og þannig er t.d. ekki hægt að nota íslensku í raddstýringu ýmissa tækja og forrita. Íslendingar þurfa því að reiða sig töluvert á notkun ensku og má því færa rök fyrir því að í íslensku málsamfélagi ríki stafrænt málsambýli íslensku og ensku þar sem enska er ríkjandi (e. *dominant*) í stafrænum heimi Íslendinga. Sú málsnerting sem á sér stað í stafrænu málsambýli íslensku og ensku kemur t.d. fram í notkun gagnvirkra tölvuleikja, þar sem samskipti fara iðulega fram á ensku, og við áhorf á Netflix og aðrar erlendar

efnisveitur sem bjóða að mjög litlu leyti upp á afþreyingarefni á íslensku ásamt því sem hvorki er boðið upp á íslenskan texta né notendaviðmót á íslensku. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að nefna að vissulega hefur enska lengi verið áberandi í því afþreyingarefni sem Íslendingar velja sér, sbr. umfjöllun í kafla 2.1, án þess að talað sé um að stafrænt málsambýli íslensku og ensku ríki í íslensku málsamfélagi. Framfarir á sviði tækni og stafrænna miðla hafa hins vegar gert það að verkum að Íslendingar, sem og aðrir, eru nú að færast frá því að vera einungis óvirkir neytendur, t.d. með áhorfi á erlent sjónvarpsefni, yfir í að vera virkir þátttakendur sem geta verið í beinum samskiptum við umheiminn í gegnum stafræna miðla. Slík þátttaka felur í sér aukna notkun ensku og gerir jafnframt meiri kröfur um enskukunnáttu en áhorf á erlent afþreyingarefni gerir og má því ætla að áhrif stafrænna miðla séu töluvert umfangsmeiri en áhrif frá erlendu afþreyingarefni eingöngu. Rannsóknir hafa jafnframt sýnt fram á að gæði ílags skiptir máli í tengslum við máltileinkun, en með ílagi (e. *input*) er átt við það máláreiti sem einstaklingurinn verður fyrir. Gagnkvæm samskipti er það ílag sem talið er mikilvægast, sér í lagi fyrir börn á máltökuskeiði, og eru slík samskipti talin hafa mun meiri áhrif en t.d. áhorf á erlent afþreyingarefni (sjá t.d. Krashen 1982, Zimmerman, Christatakis og Meltzoff 2007, Ambrose, Van Dam og Moeller 2014).

Með auknu vægi stafrænna miðla í daglegu lífi fólks fer vægi ensku vaxandi meðal Íslendinga, sem og þeirra sem þurfa að reiða sig á notkun ensku á stafrænum vettvangi, enda er enskukunnátta í raun orðin nauðsynleg ætli einstaklingar sér að taka þátt í nútímasamfélagi sem fer að mörgu leyti fram á stafrænum vettvangi. Þá má einnig nefna að ýmsir telja að notkun raddstýringar muni verða afar mikil innan fárra ára þar sem eiginleg máltækni mun teygja anga sína til daglegra athafna á borð við það að kveikja á heimilistækjum og að stilla útvarp og miðstöðvar bíla, svo fáein dæmi séu nefnd (sjá t.d. Tinnu Frímann Jökulsdóttur 2018). Þar sem ekki er hægt að nota íslensku fyrir

raddstýringu, a.m.k. enn sem komið er, gæti því sú þróun orðið að tileinkun vissrar færni í ensku verði einfaldlega nauðsynleg við daglegar athafnir í lífi Íslendinga. Gangi þessar spár eftir vakna óneitanlega upp spurningar um hvað slík þróun þýði fyrir framtíð íslenskrar tungu, sem stæði frammi fyrir verulegum umdæmisvanda þar sem íslenska yrði í raun orðin ónothæf á afar stórum vettvangi.

Eins og fram hefur komið getur skapast vantrú innan málsamfélagsins gagnvart gildi víkjandi málsins í málsambýli og þar sem íslenska er í stöðu víkjandi tungumáls í stafrænu málsambýli íslensku og ensku er hætt á að slík vantrú skapist gagnvart gildi íslensku, samhliða því sem mikilvægi ensku fer vaxandi. Eins og þróun írsku sýnir fram á geta viðhorf málsamfélagsins gegnt lykilhlutverki í þróun málsambýlis og því er nauðsynlegt að huga að viðhorfum Íslendinga til íslensku annars vegar og til ensku hins vegar þegar fjallað er um framtíð íslenskrar tungu í málsamfélagi sem hefur að geyma málsambýli beggja tungumála. Viðhorf verða því sett í forgrunn í næstu köflum þar sem fjallað verður um áhrifamátt viðhorfa í tengslum við ýmis atriði sem eru mikilvæg í þróunarferli tungumála annars vegar og við tileinkun færni í tungumálum hins vegar.

4. Hvati til að uppfylla málstaðal

Í þessum kafla verður greint frá hugmyndum um málstaðal í móðurmáli og öðru máli og hvernig málstaðall getur tengst hugmyndum fólks um tileinkun vissrar færni í öðru máli. Fjallað verður um hvernig hugmyndir um málstaðal geta komið fram með ólíkum hætti ásamt því sem færð verða rök fyrir því að málstaðall móðurmáls sé að einhverju leyti ólíkur málstaðli annars máls. Leitast verður við að setja þessar hugmyndir í samhengi við viðhorf með það fyrir sjónum að varpa ljósi á hvernig viðhorf geta mótað mismunandi gerðir hvata sem liggja að baki vilja einstaklinga til tileinkunar málstaðals.

4.1 Málstaðall

Málstaðall er nokkuð flókið hugtak sem erfitt er að skilgreina í fáum orðum. Stundum er talað um málstaðal í tengslum við málvernd (sjá t.d. Helga Hálfðanarson 1985) en segja mætti að málstaðall sé einhvers konar blanda af formlegum reglum annars vegar og hugmyndum fólks um rétt og rangt mál hins vegar. Formlegu reglurnar eru beinar lýsingar sem koma fram á prenti um hvað sé rétt og hvað sé rangt, t.d. hvað varðar beygingu orða, stafsetningu og orðaröð innan setningar. Formlegu reglurnar hafa líklega mest vægi í ritmáli en þó mótast ábendingar um talmál stundum af hugmyndum fólks um formlegan málstaðal (Milroy og Milroy 1999:21–23). Þannig kemur íslenskur ritmálsstaðall, sem er að grunni til byggður á forníslensku og hreintungustefnu 19. og 20. aldar, einna helst fram í málfari bóka, tímarita og opinberra skjala, a.m.k. í meginatriðum en þó hefur íslenskukennsla í skólum miðað að því að festa ritmálsstaðalinn í sessi (Ari Páll Kristinsson 2017:63–64).

Hugmyndir fólks um rétt og rangt mál mótast af hvort tveggja, þ.e. ritmáli og talmáli, og snúa að einhvers konar tilfinningu um hvað felst í því að tala viðurkennt, vandað mál. Þetta tengist oft hugmyndum fólks um hvað teljist vera gott mál og hvað teljist vera

vont mál og geta slíkar hugmyndir snúið að margvíslegum þáttum tungumálsins. Hin svonefnda nýja setningagerð er dæmi um setningafræðilegt tilbrigði í íslensku máli sem hefur verið nokkuð áberandi í umræðu um gott og vont mál (sjá t.d. Ingibjörgu Bergmann 2017). Helgi Skúli Kjartansson (1991:18) var fyrstur til að gera grein fyrir þessari nýjung og nefndi hana nýju þolmyndina, enda minnir hún margt á hefðbundna þolmynd, þar sem hún er mynduð með hjálparsögninni *vera* og lýsingarhætti þátíðar af aðalsögninni. Þá virðist hún jafnframt vera notuð við svipaðar aðstæður¹. Sjá dæmi:

(1) a. Mér var hrint í skólanum í gær.

b. Það var hrint mér í skólanum í gær.

Þannig þykir mörgum setning eins og (1a), með hefðbundinni þolmynd, vera gott mál en setning eins og (1b), með nýju setningagerðinni, vera vont mál, jafnvel þó að bæði hefðbundin þolmynd og nýja setningagerðin séu hluti af máli þess sem talar (Eiríkur Rögnvaldsson 2015b). Nýja setningagerðin er orðin nokkuð algeng í íslensku nútímamáli og hafa rannsóknir sýnt að nýja setningagerðin er algengust í máli barna og ungmenna þótt hennar gæti einnig meðal eldri málhafa (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001:174–175). Þrátt fyrir greinileg tengsl milli aldurs og nýju setningagerðarinnar er ekki hægt að segja að um aldursbundna málbreytingu sé að ræða. Það er vegna þess að nýja setningagerðin virðist ekki eldast af fólki, þ.e. að fólk hætti að nota nýju setningagerðina þegar það eldist (Sigríður Sigurjónsdóttir 2017) en slík þróun er einkennandi fyrir málbreytingar sem eru aldursbundnar (sjá t.d. Labov 1994). Þá hafa rannsóknir sýnt fram á tengsl milli skólagöngu foreldra og mats barna/unglinga á setningum með nýju setningagerðinni. Þannig er barn/unglingur sem á langskólagengið

¹ Nánar um setningafræðileg einkenni nýju setningagerðarinnar/þolmyndarinnar, t.d. Þórhallur Eyþórsson 2008, Jóhannes Gísli Jónsson 2009, Anton Karl Ingason, Legate og Yang 2012, Einar Freyr Sigurðsson 2012 og 2017, Legate 2014 o.fl.

foreldri ólíklegra til að samþykkja þessa nýjung en barn/unglingur sem á foreldri sem er ekki langskólagengið en eftir því sem skólaganga foreldra er lengri er ólíklegra að barn/unglingur samþykki nýju setningagerðina (Sigríður Sigurjónsdóttir 2017). Sökum þessarar tengingar við aldur annars vegar og menntun foreldra hins vegar má kalla nýju setningagerðina félagslegt tilbrigði í íslensku máli.

Fjölmörg önnur atriði hafa verið áberandi í umræðu um gott og vont mál og getur slík umræða einnig náð til einstakra orða, t.d. að það eigi að nota *hvort tveggja* í stað *bæði* o.s.frv. Eðli málsins samkvæmt getur tilfinning fyrir góðu og vondu máli verið breytileg eftir einstaklingum, sér í lagi þegar vísað er til talmáls þar sem töluvert meiri breytileika er að finna í talmáli en í ritmáli. Þá má jafnframt nefna að slík tilfinning, sem eðlilega kemur ekki fram á prenti ólíkt stöðluðum reglum, tekur mið af samtíma sínum og breytist því með tímanum (Curzan 2014:25). Þá er nauðsynlegt að benda á að þótt talað sé um formlegan málstaðal, eins og t.d. ritmálsstaðal íslensks nútímamáls, er slíkur staðall nær aldrei á formi formlegs lista eða reglna sem er öllum málnotendum aðgengilegur. Umræða um málstaðal virðist því oft snúa að áður nefndri tilfinningu fólks fyrir viðurkenndu og vönduðu máli í meiri mæli en að formlegum reglum og þannig virðist sem tilfinning fólks, tíðarandi og aðstæður gegni mikilvægu hlutverki við bæði myndun og varðveislu málstaðals. Því má segja að málstaðall sé að verulegu leyti huglægt fyrirbæri, a.m.k. í þeim skilningi að málstaðall er hvergi skráður sem slíkur (Eiríkur Rögnvaldsson 2015b).

Þá virðist sem málstaðall annars máls sé að verulegu leyti sambærilegur málstaðli fyrsta máls hvað varðar huglægni og skort á formlegri skráningu. Samt sem áður virðist sem tungumálakennsla miði oft að því að nemendur tileinki sér málstaðal markmálsins og þannig þjónar málstaðall markmálsins oft sem eins konar markmið þegar einstaklingar

tileinka sér annað mál (sjá t.d. Auði Hauksdóttur 2007). Þó er rétt að benda á að viðmið fólks um góða færni í erlendu máli kann að vera heldur frábrugðið viðmiði fólks um góða færni í móðurmáli sínu. Það er t.d. vegna þess að tilfinning fólks fyrir góðu máli og slæmu máli er e.t.v. ekki jafn sterk í erlendu máli þótt hugmyndin um rétt og rangt mál geti verið nokkuð sterk eftir formlegt tungumálanám. Því má vera að málstaðall annars máls sé að einhverju leyti ólíkur málstaðli fyrsta máls, en e.t.v. felst munurinn í því að áherslan er frekar á rétt mál í öðru máli en bæði rétt og gott mál í móðurmáli. Því sé fremur um áherslumun að ræða en eðlismun.

Málstaðall er því að mörgu leyti einhvers konar viðmið málsamfélagsins um viðurkennda málhegðun sem erfitt er að festa greipar á. Samt sem áður virðist sem vilji fólks til að uppfylla málstaðal sé nokkuð sterkur, a.m.k. meðal sumra einstaklinga (Eiríkur Rögnvaldsson 2015b), og er því áhugavert að huga að því hvers konar viðhorf og hvati liggi að baki vilja einstaklinga til að tileinka sér og uppfylla fyrirbæri sem er jafn huglægt og raun ber vitni. Þá er jafnframt áhugavert að huga að því hvort ólík viðhorf og hvati hafi áhrif á vilja fólks til að uppfylla málstaðal móðurmáls síns annars vegar og annars máls hins vegar. Í næstu undirköflum verður fjallað um mismunandi hugmyndir fræðimanna um hvata, mismunandi gerðir hvata og tengsl hvata við tileinkun tungumála.

4.2 Mismunandi gerðir hvata

Hvati (e. *motivation*) er þverfaglegt hugtak sem vísar til einhvers konar innri drifkrafts sem hvetur einstaklinginn til framkvæmda. Á síðari árum hefur vægi hvata í tengslum við kennslu og kennslufræði farið vaxandi og eru nú flestir þeirrar skoðunar að hvati gegni veigamiklu hlutverki í námi. Þá er hvati talinn mikilvægur í hvers konar tungumálanámi og líta margir á hvata sem mikilvægan þátt í því ferli sem tileinkun

tungumála er (sjá t.d. Oddnýju Sverrisdóttur 2007). Gardner og Lambert (1972) greina á milli þess sem þeir kalla verktengdur hvati (e. *instrumental motivation*) og aðlögunartengdur hvati (e. *integrative motivation*) í tengslum við tileinkun tungumála. Verktengdur hvati tengist fyrst og fremst því markmiði sem einstaklingur setur sér en markmiðið getur t.d. verið að fá háa einkunn á prófi eða að ljúka námi til að fá ákveðið starf. Verktengdur hvati beinist því að ná settu markmiði. Aðlögunartengdur hvati snýr hins vegar að löngun einstaklingsins til læra tungumál til að verða hluti af menningu þess samfélags sem notar tiltekið tungumál. Með öðrum orðum verður löngun einstaklingsins til að tilheyra ákveðnu samfélagi til þess að hann langar til að læra það tungumál sem notað er í tilteknu samfélagi (Ushioda og Dörnyei 2012:396). Þó getur verið erfitt að greina á milli ólíkra hvata og þá getur tvenns konar hvati verið til staðar hjá sama einstaklingi, og hafa því kenningar Gardner og Lambert mátt sæta vissri gagnrýni í seinni tíð. Síðar þróaði Gardner kenningar sínar í það sem hann kallar samsömun (e. *integrativeness*) en samkvæmt samsömunarkenningu Gardners (1985) er vilji einstaklinga til að samsama sig með málhöfum sem hafa markmálið að móðurmáli helsti hvati þess að læra annað tungumál.

Dörnyei (1994, 2005, 2009) telur hvata vera síbreytilegt ferli (e. *process oriented*) og því sé nauðsynlegt að skilgreina hvata líðandi stundar hverju sinni. Kenning hans um sjálfhvatakerfið (e. *motivational self-system*) gerir grein fyrir hvata til þess að læra tungumál út frá kjörsjálfi (e. *ideal self*) og skyldusjálfi (e. *ought-to self*) einstaklinga. Kjörsjálfið vísar til eiginleika sem einstaklingur vill búa yfir sem málnotandi en skyldusjálfið vísar til eiginleika sem viðkomandi telur að hann ætti að búa yfir og sem hann telur að aðrir haldi að hann búi yfir. Samkvæmt Dörnyei (2005, 2009) eru kjörsjálfi og skyldusjálfi hverrar manneskju hvort tveggja mikilvægur hvati þegar kemur að tileinkun tungumála en þó telur hann sjálfmál tvö vísa til ólíkra hvata. Þannig telur hann

innri hvata tilheyrja kjörsjálfinu, en innri hvati felst t.d. í því að einstaklingur vill tileinka sér ákveðna færni sem að hans mati veitir ákveðna umbun. Ytri hvati felst hins vegar í því að einstaklingi finnst að hann eigi eða verði að tileinka sér eitthvað af því að umhverfi hans gerir kröfu um það. Hvatinn felst þá frekar í ytri þáttum sem snúa gjarnan að því að sinna einhvers konar skyldum eða til að forðast refsingu. Slíkur hvati tilheyrir skyldusjálfinu, samkvæmt Dörnyei.

Þá hafa ýmsir tengt tileinkun tungumála við kenningar Bourdieu (1977 og 2008) um auðmagn (e. *capital*), en auðmagn vísar til einhvers konar eignar sem einstaklingurinn getur nýtt sér í efnahagslegum og/eða félagslegum tilgangi. Slíkar hugmyndir voru nokkuð áberandi í rannsókn Weenink (2008) á viðhorfum hollenskra foreldra sem lögðu áherslu á að börn sín tileinkuðu sér góða færni í ensku. Foreldarnir, sem áttu það sameiginlegt að senda börn sín í alþjóðlega grunnskóla² þar sem kennsla fór að miklu leyti fram á ensku, greindust í tvo hópa út frá svörum og því auðmagni sem foreldrarnir tengdu við tileinkun góðrar færni í ensku. Weenink kallar hópana hagnýta heimsborgara (e. *pragmatic cosmopolitans*) og einlæga heimsborgara (e. *dedicated cosmopolitans*). Hagnýtu heimsborgararnir tengdu mikilvægi góðrar enskukunnáttu við ávinning þess að búa yfir góðri enskufærni í hnattrænum heimi, ekki síst á sviði menntunar og atvinnutækifæra. Efnahagslegt auðmagn var þannig áberandi í svörum hagnýtu heimsborgarana. Einlægu heimsborgararnir litu hins vegar á tileinkun góðrar færni í ensku sem félagslegt- og menningarlegt auðmagn sem myndi stuðla að getu og vilja barna þeirra til að rannsaka heiminn og kynnast honum. Einlægu heimsborgararnir lögðu margir hverjir áherslu á að börn þeirra skyldu þróa með sér alþjóðlega yfirsýn (e.

² Um er að ræða form menntunar sem kallast *Internationalized pre-university education* og vísar til ákveðinnar gerðar framhaldsskóla þar sem hluti kennslunnar fer fram á ensku.

global perspective) og töldu þeir að tileinkun góðrar færni í ensku, hinu alþjóðlega samskiptamáli, væri mikilvægur þáttur í því.

Því er ljóst að margskonar hvata getur legið að baki vilja einstaklinga til að læra og tileinka sér færni í tungumálum. Þó ber að hafa í huga að þær kenningar og rannsóknir sem greint hefur verið frá snúa fyrst og fremst að hvata til að tileinka sér færni í öðru máli, ekki í móðurmáli. Samt sem áður má túlka kenningarnar á þann veg að þær geri einfaldlega grein fyrir mismunandi gerðum hvata til að uppfylla málstaðal, óháð því hvort um sé að ræða málstaðal fyrsta máls eða annars máls. Því er áhugavert að tengja þessar hugmyndir við það þegar einstaklingar leggja sig fram við að tileinka sér og uppfylla málstaðal móðurmáls síns, sem stundum er kallað stílhliðrun (*e. style-shift*).

4.3 Stílhliðrun

Labov var fyrstur til að gera grein fyrir stílhliðrun (*e. style-shift*) en hugtakið vísar til þess þegar málhafi breytir máli sínu í átt að formlegra málsniði. Stílhliðrun getur snúið að margvíslegum þáttum tungumálsins, s.s. breytingum á framburði, setningagerð eða í orðavali og má segja að stílhliðrun miði að því að uppfylla ákveðinn málstaðal. Samt sem áður er mikilvægt að hafa í huga að stílhliðrun felur ekki í sér afdráttarlaus víxl frá óformlegu málsniði yfir í formlegt heldur vísar hugtakið fremur til kerfisbundinnar hliðrunar hlutfalla óformlegra og formlegra tilbrigða:

As far as we can see, there are no single-style speakers. Some informants show a much wider range of style shifting than others, but every speaker we have encountered shows a shift of some linguistic variables as a social context and topic change. Some of these shifts can be detected qualitatively in the minor self-corrections of the speaker, which are almost always in a uniform direction (Labov 1972:208).

[Þýð. Við getum ekki betur séð en að engir málfarar búi einungis yfir einum stíl. Sumir málfarar virðast búa yfir breiðara sviði stílhliðrunar en aðrir en hver einasti málfari sem við höfum hitt sýnir hliðrun ákveðinna máltilbrigða samhliða því sem félagslegar aðstæður og umræðuefni breytast. Sumar af þessum hliðrunum má greina eigindlega út frá smávægilegum sjálfs-leiðréttingum málfarans og þessar leiðréttingar miða næstum því alltaf í sömu átt].

Labov (1972:208) telur stílhliðrun tengjast því hversu meðvitaður málfarinn er um málnotkun sína (e. *attention paid to speech*) en eftir því sem málfari er meðvitaðri um mál sitt, þeim mun líklegri er hann til að breyta máli sínu í átt að formlegra málsniði. Þá telur Labov jafnframt að stílhliðrun geti tengst ákveðnum aðstæðum þar sem sumar aðstæður beinlínis stuðla að notkun formlegra tilbrigða og/eða tilbrigða sem njóta virðingar innan málsamfélagsins. Þessar hugmyndir byggir Labov að mörgu leyti á þekktri rannsókn (1966) sem hann framkvæmdi í New York borg í Bandaríkjunum á sjöunda áratug síðustu aldar, en rannsóknin er unnin út frá tilgátu Labov að framburður /r/ í máli New York íbúa endurspeglir félagslega stöðu viðkomandi. Framburður /r/ í inn- eða bakstöðu orða eins og *fourth* og *elevator* er sá framburður sem nýtur mestrar virðingar (e. *prestige pronunciation*) í svokallaðri New York mállýsku og telur Labov að fólk sem tilheyrir efstu þjóðfélagsstétt sé líklegast til að bera fram /r/ í slíku

umhverfi. Þá telur hann jafnframt að fólk sem tilheyrir lægstu þjóðfélagsstétt sé líklegast til að bera aldrei fram /r/ við slíkar aðstæður.

Rannsóknin var framkvæmd í þremur stórverslunum (e. *department stores*) á Manhattan-eyju í New York. Verslanirnar voru valdar með tilliti til þeirra þjóðfélagshópa sem líklegt var að þær höfðu til, t.d. hvað varðar gæðastaðal, verð og framboð og gerði Labov ráð fyrir því að fólk af lægstu þjóðfélagsstétt myndi versla í ódýrustu versluninni og að fólk af hæstu þjóðfélagsstétt myndi versla í dýrustu versluninni. Labov ákvað að einblína á framburð sölufólks þar sem hann gerði ráð fyrir því að sölufólkið endurspegladi viðskiptavinahópin að einhverju leyti ásamt því sem hann vann út frá tilgátu Mills (1956) um að sölufólk væri líklegt til að hafa tilhneigingu til að líkja eftir málsniði og framburði viðskiptavina sem væru af hærri þjóðfélagsstétt en það sjálf. Rannsóknin fór fram með þeim hætti að rannsakandi fór inn í hverja verslun fyrir sig og spurði sölufólk fyrirfram ákveðinna spurninga sem voru líklegar til að krefjast svara sem inniheldu orð sem hefðu /r/ í inn- eða bakstöðu. Þannig var sölufólk t.d. spurt hvar ákveðin deild væri, sem rannsakandi vissi að væri á fjórðu hæð verslunarinnar, í þeim tilgangi að fá það til að segja *fourth floor*. Eftir að sölufólkið hafði svarað lét rannsakandi sem hann hefði ekki heyrt svarið og bað viðkomandi um að endurtaka sig, sem yfirleitt skilaði sama svari nema þá með vandaðri framburði (e. *careful speech*). Þannig beitti rannsakandi aðferð sem hann taldi líklega til að kalla fram stílhliðrun, sbr. áður nefnda hugmynd Labovs um meðvitund málhafans að máli sínu (e. *attention paid to speech*).

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að starfsfólk dýrustu verslunarinnar hafði hæsta hlutfall /r/ í máli sínu, eða 62%, starfsfólk miðlungsdýru verslunarinnar bar /r/ fram í 51% tilvika og starfsfólk ódýrustu verslunarinnar hafði lægsta hlutfall /r/ í máli

sínu, eða 20%. Niðurstöðurnar styðja því tilgátu Labovs um að fólk af efstu þjóðfélagsstétt sé líklegast til að nota máltilbrigði sem nýtur virðingar málsamfélagsins ásamt því sem þær gera grein fyrir tengslum aukinnar notkunar formlegra máltilbrigða við ákveðnar aðstæður (Labov 1966).

Vilji einstaklinga til að uppfylla málstaðal getur einnig tengst félagslegri stöðu viðkomandi einstaklinga en þannig eru vissir samfélagshópar líklegri en aðrir til að nota máltilbrigði sem njóta virðingar í málsamfélaginu. Kenning Sankoff og Laberge (1978) um hinn svokallaða málmarkað (e. *linguistic marketplace*) tengir þessar hugmyndir við það hversu mikilvægt málið er í lífi viðkomandi einstaklinga. Mikilvægi tungumálsins í lífi einstaklinga ræðst t.d. af aldri þeirra og stöðu innan samfélagsins og er kenningunni um málmarkaðinn ætlað að skýra hvers vegna t.d. kennari er líklegri til að vilja uppfylla málstaðal móðurmáls síns en einstaklingur sem starfar á vettvangi sem krefst síður að viðkomandi hugi að málnotkun sinni. Formlegri málnotkun kennarans skýrist af því að staða hans á málmarkaðnum er önnur en staða einstaklings sem ekki þarf að huga að málnotkun sinni með sama hætti og er því ákveðin samsvörun milli stöðu einstaklinga á málmarkaðnum og málnotkunar þeirra. Þá getur staða einstaklingsins á málmarkaðnum breyst á lífsleiðinni, rétt eins og félagsleg staða hans, og hafa verið færð rök fyrir því að breytingar á stöðu einstaklings á málmarkaðnum geti haft áhrif á málnotkun viðkomandi (sjá t.d. Lilju Björk Stefánsdóttur og Anton Karl Ingason 2018).

Samkvæmt Eckert (1989, 2012) eru tengsl milli þess hvernig einstaklingur talar og sjálfsmyndar (e. *identity*) hans. Eckert telur stíl, eða málsnið, vera birtingarmynd sjálfsmyndar einstaklinga og þannig sé t.d. ákveðinn orðaforði í máli unglings hluti af sjálfsmynd hans. Með sjálfsmynd er átt við hvernig einstaklingur skilgreinir sjálfan sig og samkvæmt Eckert skilgreina einstaklingar sig gjarnan með því að gefa sér einhvers

konar merkimiða (e. *index*) sem tengir þá við stærri hóp. Þegar einstaklingar nota tiltekið málsnið eru þeir því að setja á sig merkimiða sem skilgreinir þá sem hluta af ákveðnum félagshópi (e. *social group*), en slík skilgreining gefur jafnframt til kynna að þeir búi yfir ákveðnum eiginleikum sem þykja tilheyra einstaklingum innan þess félagshóps (Eckert 2012:97–98). Það þýðir að þegar málsnið einstaklings snýr að því að uppfylla málstaðal móðurmálsins er einstaklingurinn í raun að setja á sig merkimiða sem segir að hann tilheyri þeim félagshópi sem talar með slíkum hætti. Það sé hluti af hans sjálfsmynd að tilheyra þessum félagshópi og að tala með þessum hætti.

Því er athyglisvert að huga að því hvers konar félagshópur það er sem samanstendur af einstaklingum sem eiga það sameiginlegt að tileinkun málstaðals, þ.e. að tala rétt og viðurkennt mál, er mikilvægur þáttur í sjálfsmynd þeirra. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að nefna að ýmsir telja að tungumál og þjóðerni tengist sterkum böndum, eins og greint var frá í kafla 2.2. Tengsl tungumáls og þjóðernis koma t.d. fram í nokkuð sterkri tilhneigingu margra til að flokka fólk á grundvelli móðurmáls þeirra ásamt því sem fólk á það til að mynda sér skoðanir um aðra út frá þeim hugmyndum sem það hefur um móðurmál viðkomandi, en slíkt er kallað málleg staðalímynd (e. *linguistic stereotype*) (sjá t.d. Kristiansen 2010). Þá hafa ýmsir haldið því fram að sterkari tengsl séu á milli móðurmáls Íslendinga og þjóðlegrar sjálfsmyndar þeirra og samkvæmt Gunnari Karlssyni (1995) tengist það því hversu samofin íslensk tunga er íslenskum menningararfi. Út frá því má ætla að einstaklingar sem leitast við að uppfylla málstaðal íslensku skilgreini sjálfsmynd sína að verulegu leyti út frá þjóðerni, þ.e. að vera Íslendingar, og því sé það að tala rétt og viðurkennt mál mikilvægur merkimiði sem einstaklingarnir nota til að sýna að þeir tilheyri þeim félagshópi.

5. Menningarhvati og tungumál

Ljóst er að hvati skiptir máli þegar kemur að vilja einstaklinga til að uppfylla málstaðal, hvort sem um er að ræða málstaðal móðurmáls eða annars máls. Eins og greint var frá í undanfarandi kafla getur hvati snúið að einföldu markmiði, t.d. að læra tiltekið tungumál til að fá góða vinnu (sjá §4.2 um hugmyndir Weenink (2008) um hagnýta heimsborgara, verktengdan hvata í skilningi Gardner og Lambert (1972) og hugmyndir Dörnyei (2005, 2009) um kjörsjálfi). Hvati getur einnig snúið að flóknara markmiði eins og t.d. að læra tiltekið tungumál til að samlagast ákveðinni menningu (sjá §4.2 um aðlögunartengdan hvata í skilningi Gardner og Lambert (1972) og samsömunarkenningu Gardner (1985)), eða að læra alþjóðlegt samskiptamál til að þróa með sér alþjóðlega yfirsýn (sjá §4.2 um hugmyndir Weenink (2008) um einlæga heimsborgara).

Hvati sem snýr að markmiði sem er flókið í þeim skilningi að hann snýr að tengslum einstaklinga við menningarheima og/eða menningarhópa má skilgreina sem menningarhvata og getur slíkur hvati ýmist beinst inn á við, að þjóð og þjóðerni, eða út á við, að alþjóðlegu menningarsviði. Ástæða fyrir mismunandi gerðum menningarhvata er sú að menningarhvati tengist menningarlegri samsvörun hvers og eins, eins og greint er frá í kafla 2.2, getur menningarleg samsvörun einstaklinga verið með ólíkum hætti. Þannig finna sumir fyrir sterkri samsvörun með þjóð sinni og staðbundinni menningu og búa slíkir einstaklingar gjarnan yfir svonefndri þjóðlegri sjálfsmynd, sbr. umfjöllun um heimdraga í kafla 2.2. Aðrir geta fundið fyrir lítilli samsvörun með þjóð sinni og staðbundinni menningu en geta þess í stað upplifað sterka tilfinningu um að þeir tilheyri alþjóðlegum menningarheimi, sbr. umfjöllun um heimsborgara í sama kafla. Til hægðarauka fyrir lesanda verður tafla 1 sýnd aftur sem tafla 1b en hún sýnir þætti sem

eru líklegir til að vera einkennandi fyrir heimdraga annars vegar og heimsborgara hins vegar:

	Heimsborgari	Heimdragi
<i>Líkleg einkenni</i>	Þjóðerni skiptir litlu/engu máli	Þjóðerni skiptir máli (þjóðleg sjálfsmynd)
	Lítur á heiminn sem heimili sitt	Lítur á heimalandið sem heimili sitt
	Líklegur til að hafa lítil þjóðleg/svæðisbundin tengsl	Líklegur til að hafa mikil þjóðleg/svæðisbundin tengsl
	Alþjóðleg áhugasvið	Svæðisbundin áhugasvið (a.m.k. í samanburði við heimsborgara)
	Löngun/vilji til að búa eða starfa erlendis	Sér framtíðina fyrir sér í heimalandinu

Tafla 1b: Nokkur atriði sem talin eru líkleg til að vera einkennandi og aðgreinandi milli heimsborgara og heimdraga.

Þannig eru heimsborgarar t.d. líklegir til að hafa alþjóðleg áhugasvið sem fela í sér áhuga á alþjóðlegum málefnum, t.d. á sviði stjórn mála og upplýsinga. Eins má líta á vilja til að eiga í samskiptum við annað fólk á alþjóðlegum vettvangi, t.d. á vefsíðum á borð við Reddit og við spilun gagnvirkra tölvuleikja, sem alþjóðleg áhugasvið og nær slíkt áhugasvið í raun til margra ólíkra sviða, svo lengi sem þau eru ekki fyrst og fremst bundin við innlend málefni og innlenda aðila. Heimdragar eru aftur á móti líklegri til að hafa svæðisbundið áhugasvið sem hefur, eins og nafnið gefur til kynna, meiri svæðisbundna tengingu en hið alþjóðlega. Þannig má líta á hvert innlent tólmundastarf sem svæðisbundið áhugasvið, s.s. hestamennsku, útivist og aðild að innlendu

félagsstarfi, ásamt því sem áhugi á innlendum málefnum og stjórnámálum flokkast sem slíkt.

Telja má líklegt að þessi aðgreinandi einkenni heimsborgara annars vegar og heimdraga hins vegar komi fram sem ólíkur menningarhvati, þ.e. menningarhvati sem beinist ýmist inn á við eða út á við. Þannig má búast við að heimdragar upplifi fyrst og fremst menningarhvata sem beinist inn á við, að þjóð og þjóðerni, en líklegt er að slíkur menningarhvati hafi þau áhrif að heimdragar hafi jákvætt viðhorf til móðurmáls síns og að þeim þyki móðurmál sitt mikilvægt. Það er t.d. vegna áður nefndrar tengingar milli þjóðernis og móðurmáls ásamt því sem líklegt er að áform um framtíðarúsetu í heimalandinu komi fram sem jákvætt viðhorf til móðurmálsins og vilja einstaklinga til að vera góðir málnotendur móðurmálsins. Þá má búast við að heimsborgarar upplifi menningarhvata sem beinist út á við, að alþjóðlegu menningarsviði, og ætla má að slíkur menningarhvati hafi þau áhrif á viðhorf einstaklinga að mikilvægi móðurmálsins fer minnkandi samhliða því sem mikilvægi annars máls eykst. Það er t.d. vegna þess að heimsborgarar eru líklegir til að vilja geta átt í samskiptum við ýmsa hópa á alþjóðlegum vettvangi ásamt því sem þeir sjá ekki endilega framtíð sína fyrir sér í heimalandinu, sbr. minnkandi vægi móðurmáls. Þar sem enska er í stöðu alþjóðlegs samskiptamáls má því telja líklegt að menningarhvati sem beinist út á við komi fram sem jákvætt viðhorf til ensku ásamt vilja einstaklinga til að tileinka sér góða færni í ensku.

Um þetta er þó erfitt að fullyrða þar sem menningarhvati hefur ekki verið rannsakaður með fullnægjandi hætti með tilliti til menningarlegrar samsvörunar einstaklinga. Eins og fram kemur í inngangi er markmið þessarar ritgerðar að rannsaka vægi menningarhvata í tengslum við viðhorf einstaklinga til mismunandi tungumála og vilja einstaklinga til að

tileinka sér góða færni í tungumálum. Í næstu köflum verður greint frá rannsókn á málsambýli íslensku og ensku í íslensku málsamfélagi með það fyrir sjónum að varpa ljósi á hvort, og þá hvernig, ólíkur menningarhvati hafi áhrif á viðhorf einstaklinga til móðurmáls síns, íslensku, og til alþjóðlega samskiptamálsins ensku.

6. Rannsókn

Þessi rannsókn er hluti af stærra verkefni sem nefnist *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* (e. *Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact*) og er styrkt af Rannsóknarsjóði Íslands. Verkefnið gengur út á að rannsaka áhrif eins tungumáls á annað í gegnum stafræna miðla þar sem sjónum er beint að stafrænu málsambýli íslensku og ensku en verkefnisstjórar eru Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessorar í íslenskri málfræði. Í vefkönnun verkefnisins er spurning sem snýr að viðhorfi þátttakenda til framtíðarbúsetu á Íslandi og er spurningunni ætlað að gefa vísbendingu um ólíkan menningarhvata þátttakenda. Sú ályktun er byggð á þeirri túlkun höfundar að líklegt sé að einstaklingar sem sjái framtíð sína fyrir sér í heimalandinu upplifi menningarhvata sem beinist inn á við og að þeir einstaklingar sem sjá ekki fyrir sér að búa í heimalandinu í framtíðinni upplifi menningarhvata sem beinist út á við (sjá §5). Svör þátttakenda gefa einnig ákveðna vísbendingu um menningarlegt vægi íslensku og ensku í lífi þátttakenda þar sem telja má líklegt að íslenska hafi meira vægi í lífi einstaklinga sem vilja búa á Íslandi í framtíðinni og að enska hafi meira vægi í lífi þeirra sem vilja ekki búa á Íslandi í framtíðinni.

Spurningin er í formi fullyrðingar; *Mig langar að búa á Íslandi í framtíðinni* og hafa þátttakendur val um að vera *mjög sammála*, *frekar sammála*, *hvorki sammála né ósammála*, *frekar ósammála* eða *mjög ósammála* fullyrðingunni. Þá er valmöguleikinn *vil ekki svara einnig* hafður með. Í þeirri greiningu sem hér verður kynnt er þátttakendum skipt í tvo hópa út frá svörum, heimdragar og heimsborgara sbr. umfjöllun í köflum 2.2 og 5. Heimdragar eru þeir sem eru *mjög sammála* eða *frekar sammála* því að þá langi að búa á Íslandi í framtíðinni en heimsborgarar eru þeir sem eru *mjög ósammála* eða *frekar ósammála* fullyrðingunni. Ákveðið var að hafa þá sem *eru hvorki*

sammála né ósammála með í heimsborgarahópnum þar sem túlka má afstöðuleysi gagnvart löngun til framtíðarbúsetu í heimalandinu sem vissa afstöðu, sem sé nær því að vera til marks um skort á löngum fremur en hitt. Þessi túlkun er þó ekki hafin yfir gagnrýni.

Vefkönnunin var send til 3500 Íslendinga á aldrinum 13–98 ára og voru þátttakendur fundnir með lagskiptu slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Alls tóku 1615 einstaklingar vefkönnunina en eftir úrvinnslu og hreinsun svara³ standa 1573 einstaklingar eftir. Þar af eru 1171 heimdragar og 402 heimsborgarar. Í næsta kafla verður greint frá niðurstöðum viðhorfsspurninga vefkönnunarinnar þar sem svör heimdraga og heimsborgara eru borin saman með kerfisbundnum hætti með það fyrir sjónum að rýna í margslungið samspil menningarhvata og viðhorfa einstaklinga til fyrsta máls og annars máls. Allar greiningarnar eru byggðar á svörum þessara 1573 einstaklinga og verður þessi fjöldi ekki endurtekin í greiningum.


³ Hreinsun svara fólst í því að þátttakendur voru teknir út ef það vantaði svör við einhverjum af þeim spurningum sem til umfjöllunar eru ásamt því sem þátttakendur sem merktu við *Vil ekki svara* við spurningunni *Mig langar að búa á Íslandi í framtíðinni* voru teknir út.

7. Niðurstöður og túlkun

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum spurninga sem snúa að viðhorfi þátttakenda til íslensku og ensku á ólíkum sviðum. Spurningarnar eru settar fram sem spurningapör sem sýna samsvarandi spurningar um íslensku og ensku. Alls eru spurningarnar sextán talsins, þar af eru átta um íslensku og átta um ensku. Á hverri mynd eru tvö gröf sem hvert um sig sýnir aðra spurninguna, þ.e. spurningu sem snýr að íslensku (efra graf) og spurningu sem snýr að ensku (neðra graf) og er hverju grafi skipt eftir því hvort um sé að ræða svör heimdraga (fyrir ofan) eða svör heimsborgara (fyrir neðan). Sýndar verða tvær myndir og er áhersla lögð á meðaltal í fyrri myndinni og á dreifingu svara í seinni myndinni. Meðaltalið er haft innan sviga og er það reiknað þannig að svarmöguleikar samsvara ákveðnu tölugildi og þannig fær t.d. svarmöguleikinn *mjög ósammála* gildið 1, *frekar ósammála* fær gildið 2 o.s.frv. og er gildi hvers svars sýnt á mynd. Meðaltalið sem er birt er meðaltölugildi í svörum viðkomandi hóps og þá er Mann-Whitney U-próf notað til að skoða hvort marktækur munur sé á svörum milli hópa. Í umfjöllun um fyrri mynd er gefið upp hvort marktækur munur sé á svörum heimdraga og heimsborgara út frá niðurstöðum Mann-Whitney U-prófs.

Seinni mynd sýnir dreifingu svara og er sú mynd sett upp eins og fyrri mynd, þ.e. efra graf sýnir spurningu sem snýr að íslensku og neðra graf sýnir spurningu sem snýr að ensku og er hverju grafi skipt eftir því hvort um sé að ræða svör heimsborgara eða heimdraga. Hlutlausu svörin, *hvorki sammála né ósammála*, eru í miðjunni, neikvæðu svörin, *mjög ósammála* og *frekar ósammála* eru vinstra megin og jákvæðu svörin, *mjög sammála* og *frekar sammála*, eru hægra megin. Á eftir seinni mynd fylgir efnisleg umfjöllun um niðurstöður hverrar spurningar ásamt greiningu.


7.1 Mikilvægi íslensku og ensku



Mynd 1a: Tölfræðileg dreifing svara heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.1 og S9.1⁴.

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir út í afstöðu sína til þess hve mikilvægt það sé að vera góð(ur) í íslensku og ensku til að varpa ljósi á almennt viðhorf þátttakenda til mikilvægis hvors tungumáls fyrir sig. Mynd 1a sýnir meðalsvar heimdraga (rauð lína) og heimsborgara (græn lína) við spurningunum *Það er mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku* og *Það er mikilvægt að vera góð(ur) í ensku*. Þegar spurt er um íslensku (efra graf) er marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 4,72) og heimsborgara (meðalt. 4,3) (Mann-Whitney U-próf: $U=285096$, $p<0,001$). Þegar spurt er um ensku (neðra graf) er ekki marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 4,51) og heimsborgara (meðalt. 4,49) (Mann-Whitney U-próf: $U=223100,5$, $p=0,31$).

⁴ Númer spurninganna koma úr vefkönnun verkefnisins og skipta ekki máli hér.



Mynd 1b: Dreifing svara heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.1 og S9.1.


Eins og sjá má á mynd 1b er ekki afgerandi munur á dreifingu svara meðal hópanna en þó má greina nokkur athyglisverð atriði sem vert er að fjalla nánar um. Meiri munur er á svörum heimdraga og heimsborgara þegar spurt er um íslensku og er munurinn jafnframt marktækur þar sem heimdragar eru jákvæðari fyrir íslensku en heimsborgarar, sbr. mynd 1a og umfjöllun um hana. Þótt hlutfall jákvæðra svara, þ.e. *mjög sammála* og *frekar sammála*, sé fremur hátt hjá báðum hópum virðast heimdragar vera afdráttarlausari í svörum en heimsborgarar. Sú ályktun er byggð á því að hlutfall þeirra sem eru *mjög sammála* um að það sé mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku er töluvert hærra meðal heimdraga, eða 79,2% andspænis 56,5% heimsborgara. Aftur á móti er hlutfall þeirra sem eru *frekar sammála* hærra meðal heimsborgara, eða 28% andspænis 16,7% heimdraga og þá er talsvert hærra hlutfall heimsborgara sem eru hlutlausir, þ.e. *hvorki sammála né ósammála*, eða 10% andspænis 2% heimdraga. Þá má einnig nefna að hlutfall neikvæðra svara, þ.e. *mjög ósammála* og *frekar ósammála*, er hærra meðal heimsborgara, eða 6% andspænis 2% heimdraga.

Þegar spurt er um ensku virðist sem dæmið snúist við en þá eru heimsborgarar afdráttarlausari í svörum en heimdragar. Sú ályktun er byggð á sömu rökum, þ.e. að

hlutfall þeirra sem eru *mjög sammála* er hærra meðal heimsborgara, eða 63% andspænis 58% heimdraga en hlutfall þeirra sem eru *frekar sammála* er hærra meðal heimdraga, eða 37% andspænis 29% heimsborgara. Þó er um talsvert minni mun að ræða en þegar spurt er um íslensku og þá er jafnframt lítill munur á hópunum tveimur hvað varðar hlutfall hlutlausra og neikvæðra svara. Við nánari skoðun reynist ekki vera marktækur munur á svörum heimdraga og heimsborgara ($p=0,31$) þegar spurt er um ensku, sbr. mynd 1a og umfjöllun um hana, og þannig virðast þátttakendur almennt sammála því að það sé mikilvægt að vera góð(ur) í ensku.


Þegar spurningarnar eru bornar saman út frá hópum er athyglisvert að sjá hversu mikill munur er á svörum heimsborgara við samsvarandi spurningum sem snúa að mikilvægi íslensku annars vegar og ensku hins vegar. Heimsborgarar virðast vera jákvæðari fyrir ensku þar sem hlutfall jákvæðra svara er talsvert hærra þegar spurt er um ensku, eða 92% andspænis 85% þegar spurt er um mikilvægi íslensku. Afar lítill munur er hins vegar á svörum heimdraga við spurningunum, sem gefur til kynna að heimsborgarar séu líklegri til að taka afstöðu gagnvart mikilvægi móðurmálsins annars vegar og ensku hins vegar, þar sem enska er metin mikilvægari.

7.2 Sjálfsmat á hæfni í íslensku og ensku



Mynd 2a: Tölfræðileg greining á svörum heimdraga og heimborgara við spurningum S8.2 og S9.2.

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir út í afstöðu sína til eigin færni í íslensku og ensku til að varpa ljósi á hvort munur sé á mati þátttakenda til íslenskukunnáttu sinnar annars vegar og enskukunnáttu sinnar hins vegar. Mynd 2a sýnir meðalsvar heimdraga (rauð lína) og heimborgara (græn lína) við spurningunum *Mér finnst ég vera góð(ur) í íslensku* og *Mér finnst ég vera góð(ur) í ensku*. Þegar spurt er um íslensku er marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 4,4) og heimborgara (meðalt. 4,08) (Mann-Whitney U-próf: $U=270831$, $p<0,001$). Þegar spurt er um ensku er einnig marktækur munur á svörum heimdraga (meðal. 3,72) og heimborgara (meðalt. 4,11) (Mann-Whitney U-próf: $U=182089$, $p<0,001$).



Mynd 2b: Dreifing svara heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.2 og S9.2.

Hér ber að taka fram að sjálfsmat á hæfni er fremur vafasamur mælikvarði á raunverulega færni. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt fram á jákvæða fylgni milli jákvæðrar upplifunar, t.d. að hafa gaman að einhverju, og aukinnar trúar á eigin færni (sjá t.d. Schunk, Pintrich og Meece 2010). Þannig getur sjálfsmat á hæfni gefið ákveðnar vísbendingar um dulin viðhorf einstaklinga til tungumála en með dulnum viðhorfum er átt við ómeðvituð viðhorf (e. *implicit attitudes*) einstaklinga, sem oft eru ólík svonefndum meðvituðum viðhorfum (e. *explicit attitudes*) (sjá t.d. Kristiansen 2006:10). Því er fróðlegt að skoða hvernig heimdragar og heimsborgarar meta eigin hæfni í íslensku og ensku.


Heimdragar virðast hafa fremur jákvætt mat á eigin hæfni í íslensku þar sem 92% heimdraga eru annað hvort *mjög sammála* eða *frekar sammála* því að þeim finnst þeir vera góðir í íslensku. Heimsborgarar virðast hins vegar ekki hafa eins jákvætt mat á eigin færni í íslensku þar sem 79% eru *mjög sammála* eða *frekar sammála* fullyrðingunni og er því talsverður munur á hópunum hvað þetta varðar og þá er munurinn jafnframt marktækur, sbr. mynd 2a og umfjöllun um hana. Þá er hlutfall neikvæðra svara fremur lágt meðal heimdraga, eða 3%, en hærra meðal heimsborgara,

eða 8%, ásamt því sem lægra hlutfall heimdraga eru *hvorki sammála né ósammála* fullyrðingunni, eða 5% andspænis 12% heimsborgara.

Þegar spurt er um ensku er hlutfall jákvæðra svara aftur á móti hærra meðal heimsborgara, eða 79% andspænis 66% heimdraga. Hlutfall neikvæðra svara er jafnframt hærra meðal heimdraga, en 15% heimdraga eru annað hvort *mjög ósammála* eða *frekar ósammála* því að þeim finnst þeir vera góðir í ensku en 9% heimsborgara svara með slíkum hætti. Þá er hlutfall hlutlausra svara einnig hærra meðal heimdraga, eða 18% andspænis 12% heimsborgara. Þannig virðast heimsborgarar hafa talsvert jákvæðara mat á eigin hæfni í ensku en heimdragar.


Sé gengið út frá því að tengsl séu á milli jákvæðrar upplifunar og aukinnar trúar á eigin færni eru niðurstöðurnar á mynd 2b til marks um að heimdragar hafi jákvæðara viðhorf en heimsborgarar til móðurmáls síns. Heimsborgarar virðast hins vegar hafa jákvæðara viðhorf en heimdragar til ensku. Vera má að þessi viðhorf séu tengd ólíkum hvata þar sem heimdragar upplifi e.t.v. meiri hvata til að vera góðir í móðurmáli sínu þar sem þá langar að búa í heimalandinu í framtíðinni. Fróðlegt er að huga að þessum niðurstöðum út frá kenningum Dörnyei um kjörsjálfi einstaklinga en eins og fram kemur í kafla 4.2 vísar kjörsjálfi til eiginleika sem einstaklingur vill búa yfir sem málnotandi. Því má vera að kjörsjálfi heimdraga búi fyrst og fremst yfir góðri færni í íslensku og því séu heimdragar talsvert jákvæðari gagnvart færni sinni í íslensku en í ensku. Eins má vera að þar sem heimsborgarar sjá ekki endilega framtíð sína fyrir sér á Íslandi sé góð íslenskukunnátta ekki hluti af kjörsjálfi þeirra og því upplifi þeir minni hvata til að vera góðir málnotendur íslensku og því hafi þeir talsvert neikvæðara mat á eigin færni í íslensku en heimdragar.

7.3 Hvati til að uppfylla málstaðal



Mynd 3a: Tölfræðileg greining á svörum heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.3 og S9.3.

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir út í afstöðu sína til þess hvort það skipti þá máli að tala góða íslensku og/eða ensku til að varpa ljósi á persónuleg viðhorf þeirra til mikilvægis hvors tungumáls fyrir sig. Mynd 3a sýnir meðalsvar heimdraga (rauð lína) og heimsborgara (græn lína) við spurningunum *Það skiptir mig máli að ég tali góða íslensku* og *Það skiptir mig máli að ég tali góða ensku*. Þegar spurt er um íslensku er marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 4,73) og heimsborgara (meðalt. 4,2) (Mann-Whitney U-próf: $U=296720$, $p<0,001$). Þegar spurt er um ensku er einnig marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 4,18) og heimsborgara (meðalt. 4,35) (Mann-Whitney U-próf: $U=196670,5$, $p<0,001$).



Mynd 3b: Dreifing svara heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.3 og S9.3.


Spurningarnar á mynd 3a-b snúa að innri hvata til að uppfylla málstaðal íslensku og/eða ensku en innri hvati vísar til þess þegar einstaklingur vill tileinka sér ákveðna færni sem að hans mati veitir ákveðna umbun, sbr. umfjöllun í kafla 4.2. Því er fróðlegt að skoða viðhorf heimdraga og heimsborgara til mikilvægi þess að tala góða íslensku og ensku. Munur á svörum heimdraga og heimsborgara er nokkuð áberandi þegar spurt er um íslensku en 97% heimdraga eru ýmist *mjög sammála* eða *frekar sammála* því að það skipti þá máli að tala góða íslensku andspænis 81% heimsborgara. Þá eru 7% heimsborgara sem eru *mjög ósammála* eða *frekar ósammála* fullyrðingunni en aðeins 1% heimdraga svara með slíkum hætti. Hlutfall þeirra sem eru *hvorki sammála né ósammála* er hærra meðal heimsborgara, eða 12% andspænis 2% heimdraga.

Því má segja að svör heimdraga séu fremur afdráttarlaus þegar spurt er um íslensku og er hátt hlutfall jákvæðra svara annars vegar og lágt hlutfall neikvæðra svara hins vegar e.t.v. til marks um að tileinkun málstaðals, þ.e. að tala rétt og viðurkennt mál, sé hluti af kjörsjálfi heimdraga. Þessar niðurstöður má einnig túlka út frá kenningum Eckert (1989, 2012) um stíl og merkimiða á þann veg að það að tala rétt og viðurkennt mál sé sá merkimiði sem heimdragar setja á sig, e.t.v. til að skilgreina sig sem Íslendinga, sbr.

umræðu um tengsl móðurmáls og þjóðlegrar sjálfsmyndar í köflum 2.2 og 4.3. Þá má túlka lægra hlutfall jákvæðra svara og hærra hlutfall neikvæðra svara meðal heimsborgara sem rök fyrir því að tileinkun íslensks málstaðals sé ekki endilega hluti af kjörsjálfi heimsborgara, a.m.k. ekki í sama mæli og meðal heimdraga, ásamt því sem það að virðist ekki vera jafn mikilvægur merkimiði meðal heimsborgara.


Þegar spurt er um ensku er minni munur á hópunum tveimur en þó er munurinn marktækur, sbr. mynd 3a og umfjöllun um hana, og eru heimsborgarar jákvæðari en heimdragar. Þannig er hlutfall jákvæðra svara hærra meðal heimsborgara en heimdraga en 85% heimsborgara eru annað hvort *mjög sammála* eða *frekar sammála* því að það skipti þá máli að tala góða ensku andspænis 83% heimdraga. Hlutfall neikvæðra svara er fremur lágt meðal beggja hópa og er lítill munur á heimdrögum og heimsborgurum hvað neikvæð svör varðar en 3% heimsborgara og 4% heimdraga eru annað hvort *mjög ósammála* eða *frekar ósammála*. Þá er lítill munur á hlutfalli þeirra sem eru *hvorki sammála né ósammála*, en 12% heimsborgara og 13% heimdraga svara með slíkum hætti. Þannig eru heimsborgarar líklegri en heimdragar til að vilja tileinka sér málstaðal ensku og þá eru jákvæðari svör heimsborgara þegar spurt er um ensku en íslensku til marks um að heimsborgarar séu líklegri til að vilja tileinka sér málstaðals ensku en íslensku.

7.4 Tíðni aðstæðna þar sem hæfni í tilteknu máli er mikilvæg



Mynd 4a: Tölfræðileg greining á svörum heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.4 og S9.4.


Þátttakendur í könnuninni voru beðnir um að leggja mat á tíðni aðstæðna þar sem hæfni í íslensku og/eða ensku er mikilvæg til að varpa ljósi á hvort t.d. sami einstaklingur svari þessum spurningum með ólíkum hætti. Mynd 4a sýnir meðalsvar heimdraga (rauð lína) og heimsborgara (græn lína) við spurningunum *Ég er oft í aðstæðum þar sem mikilvægt er að vera góð(ur) í íslensku* og *Ég er oft í aðstæðum þar sem mikilvægt er að vera góð(ur) í ensku*. Þegar spurt er um íslensku er marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 4,16) og heimsborgara (meðalt. 3,68) (Mann-Whitney U-próf: $U=283652,5$, $p<0,001$). Þegar spurt er um ensku er einnig marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 3,85) og heimsborgara (meðalt. 4,03) (Mann-Whitney U-próf= $206550,5$, $p=0,004$).



Mynd 4b: Dreifing svara heimdraga og heimborgara við spurningum S8.4 og S9.4.


Mynd 4b sýnir athyglisverðan mun á heimdrögum og heimborgurum þar sem heimdragar telja sig oftara vera í aðstæðum þar sem reyna á hæfni þeirra í íslensku en heimborgarar telja sig aftur á móti oftara vera í aðstæðum sem reyna á hæfni þeirra í ensku. Svör heimborgara eru merkileg í ljósi þess að allir þátttakendur, þ.e. bæði heimdragar og heimborgarar, eru búsettir á Íslandi en samt sem áður telur hærri hlutfall heimborgara sig oft vera í aðstæðum sem reyna á hæfni þeirra í ensku en í íslensku. Túlka má þessar niðurstöður sem rök fyrir því að heimborgarar búi yfir heimborgarasjálfi sem felur m.a. í sér áhuga á alþjóðlegum málefnum og vilja til að eiga í samskiptum við ýmsa hópa á alþjóðlegum vettvangi, sbr. kafla 2.2 og 5. Því má vera að munurinn á heimdrögum og heimborgurum hvað varðar tíðni aðstæðna þar sem hæfni í annað hvort íslensku eða ensku er mikilvæg stafi af því að heimborgarar búi yfir heimborgarasjálfi og séu þar með líklegri til að sækjast í aðstæður sem reyna á enskuhæfni þeirra. Hér ber að taka fram að til stendur að kanna nánar hvað felst í aðstæðum sem reyna á hæfni einstaklinga í tilteknum málum og verður það m.a. gert í eigindlegum viðtölum á vegum verkefnisins sem þessi ritgerð er hluti af.

7.5 Mikilvægi sjónvarpstexta á tilteknu máli



Mynd 5a: Tölfræðileg greining á svörum heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.5 og S9.5

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir út í afstöðu sína til mikilvægis textunar með erlendu sjónvarpsefni í viðleitni til að varpa ljósi á færni þátttakenda í ensku. Hér ber að taka fram að erlent sjónvarpsefni getur að sjálfsögðu verið á öðrum tungumálum en á ensku. Þó var ákveðið að ganga út frá því að það erlenda sjónvarpsefni sem þátttakendur horfa á væri fyrst og fremst á ensku þar sem meirihluti erlends sjónvarpsefnis sem sýnt er á Íslandi er bandarískt, sbr. umfjöllun í kafla 2.1. Mynd 5a sýnir meðalsvar heimdraga (rauð lína) og heimsborgara (græn lína) við spurningunum *Það er mikilvægt að erlent sjónvarpsefni sé aðgengilegt með íslenskum texta* og *Það er mikilvægt að erlent sjónvarpsefni sé aðgengilegt með enskum texta*. Þegar spurt er um íslensku er marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 4,42) og heimsborgara (meðalt. 3,94) (Mann-Whitney U-próf=285979, $p<0,001$). Þegar spurt er um ensku er einnig marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 2,98) og heimsborgara (meðalt. 3,28) (Mann-Whitney U-próf: $U=195298,5$, $p<0,001$).




Mynd 5b: Dreifing svara heimdraga og heimborgara við spurningum S8.5 og S9.5.

Eins og sjá má á mynd 5b er nokkuð mikill munur á viðhorfum heimdraga og heimborgara til mikilvægis textunar, bæði hvað varðar textun á íslensku og á ensku og er munurinn jafnframt marktækur í báðum spurningum sbr. mynd 5a og umfjöllun um hana. Þannig eru 86% heimdraga annað hvort *mjög sammála* eða *frekar sammála* um að það sé mikilvægt að erlent sjónvarpsefni sé aðgengilegt með íslenskum texta, 10% eru *hvorki sammála né ósammála* og 4% eru *mjög ósammála* eða *frekar ósammála*. Heimborgurum virðist ekki þykja textun á íslensku jafn mikilvæg og heimdrögum þar sem 70% heimborgara eru *mjög sammála* eða *frekar sammála*, 19% eru *hvorki sammála né ósammála* og 11% eru *mjög ósammála* eða *frekar ósammála*. Hér ber að taka fram að íslensk textun á erlendu sjónvarpsefni er afar mikilvæg þeim sem ekki búa yfir góðri færni í ensku. Þá getur íslensk textun einnig verið mikilvæg þótt enskukunnátta sé til staðar, enda er enska vissulega erlent tungumál fyrir flestum Íslendingum. Því má vera að jákvæð viðhorf heimdraga til mikilvægis íslenskrar textunar sé til marks um að heimdragar búi annað hvort ekki yfir jafn mikilli færni í ensku og heimborgarar eða að þeir séu a.m.k. ekki jafn öruggir um enskufærni sína og kjósi því flestir íslenskan texta með erlendu sjónvarpsefni.


Þegar spurt er um mikilvægi ensks texta með erlendu sjónvarpsefni eru heimsborgarar hins vegar jákvæðari í svörum en heimdragar þar sem hlutfall jákvæðra svara er hærra meðal heimsborgara, eða 42% andspænis 32% heimdraga. Segja mætti að þessar niðurstöður færi frekari rök fyrir því að heimsborgarar búi yfir betri færni í ensku en heimdragar þar sem einstaklingar þurfa að búa yfir vissri enskufærni svo þeir geti nýtt sér textun á ensku. Þá má túlka hátt hlutfall hlutlausra svara meðal beggja hópa hvað mikilvægi ensks texta varðar sem frekari rök fyrir þessu, þ.e. að einstaklingar sem eru góðir í ensku telji sig einfaldlega ekki þurfa enskan texta og því séu 37% heimsborgara hlutlausir gagnvart mikilvægi enskrar textunar. Eins má telja líklegt að einstaklingum sem eru ekki eins góðir í ensku telji enskan texta gagnslausan og því séu 35% heimdraga hlutlausir gagnvart mikilvægi enskrar textunar, en sami hópur er aftur á móti fremur jákvæður þegar spurt er um mikilvægi íslenskrar textunar. Þá má einnig nefna að enskur texti getur verið gagnlegur þeim sem vilja bæta enskukunnáttu sína og því má vera að meiri jákvæðni heimsborgara en heimdraga gagnvart mikilvægi enskrar textunar stafi af löngun heimsborgara til að efla enskukunnáttu sína.

7.6 Tungumál í tölvum og öðrum tækjum



Mynd 6a: Tölfræðileg greining á svörum heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.6 og S9.6.

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir út í afstöðu sína til notkunar íslensku og ensku sem tölvumáls til að varpa ljósi á hvort þátttakendur kysu notkun ensku umfram íslensku á ákveðnum sviðum. Mynd 6a sýnir meðalsvar heimdraga (rauð lína) og heimsborgara (græn lína) við spurningunum *Mér finnst best að hafa tæki (t.d. tölvur, síma og spjaldtölvur) stillt á íslensku* og *Mér finnst best að hafa tæki (t.d. tölvur, síma og spjaldtölvur) stillt á ensku*. Þegar spurt er um íslensku er marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 3,54) og heimsborgara (meðalt. 2,73) (Mann-Whitney U-próf $U=301291$, $p<0,001$). Þegar spurt er um ensku er einnig marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 2,81) og heimsborgara (meðalt. 3,46) (Mann-Whitney U-próf: $U=170348$, $p<0,001$).



Mynd 6b: Dreifing svara heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.6 og S9.6.


Mynd 6b er eftirtektarverð því hún sýnir nokkuð afgerandi mun á hópunum tveimur og er því ljóst að töluverður munur á afstöðu heimdraga og heimsborgara til tungumála í tölvum og öðrum tækjum. Heimdragar virðast jákvæðari fyrir notkun íslensku sem tölvumáls en 54% heimdraga eru annað hvort *mjög sammála* eða *frekar sammála* því að þeim þyki best að hafa tækin sín stillt á íslensku. Heimsborgarar virðast aftur á móti neikvæðari fyrir notkun íslensku sem tölvumáls og þótt 29% heimsborgara séu *mjög sammála* eða *frekar sammála* vekur neikvæð svörun þeirra athygli en 48% heimsborgara eru *mjög ósammála* eða *frekar ósammála* því að þeim þyki best að hafa tækin sín stillt á íslensku. Töluvert lægra hlutfall heimdraga svarar með slíkum hætti, eða 25%.

Hér ber að nefna að þótt heimdragar séu greinilega jákvæðari en heimsborgarar gagnvart notkun íslensku sem tölvumáls er hlutfall jákvæðra svara fremur lágt meðal beggja hópa. Það skýrist þó að mörgu leyti af umdæmisvanda íslensku á rafrænum vettvangi en eins og fram hefur komið bjóða mörg stýrikerfi ekki upp á notkun íslensku sem tölvumáls, sbr. umræðu í kafla 2.1 og 3.2. Tölvur og tækni eru því svið þar sem íslenska stendur veikar en hún almennt gerir og má því líta á vilja heimdraga til

notkunar íslensku sem tölvumáls sem ákveðna viðleitni þeirra til að nota íslensku í umdæmi sem hún stendur veikt í. Þá má jafnframt nefna að í þeim stýrikerfum sem bjóða upp á notkun íslensku er íslenska samt sem áður nær aldrei sjálfgefið tungumál (e. *default language*) og því þurfa þeir sem vilja hafa tækin sín stillt á íslensku að velja það sérstaklega, sem hlýtur jafnframt að færa rök fyrir því að um ákveðna viðleitni sé að ræða.


Hátt hlutfall neikvæðra svara meðal heimsborgara er aftur á móti til marks um að heimsborgarar séu ólíklegri en heimdragar til að sýna slíka viðleitni enda eru heimsborgarar töluvert jákvæðari gagnvart notkun ensku sem tölvumáls. Þannig eru 51% heimsborgara ýmist *mjög sammála* eða *frekar sammála* því að þeim þyki best að hafa tækin sín stillt á ensku en 31% heimdraga svara með slíkum hætti. Heimdragar virðast hins vegar mun neikvæðari gagnvart notkun ensku sem tölvumáls en 44% heimdraga eru ýmist *mjög ósammála* eða *frekar ósammála* andspænis 24% heimsborgara. Hér er nauðsynlegt að taka fram að búast má við eins konar speglun í svörum þátttakenda því fyrir flestum Íslendingum eru íslenska og enska líklega einu tungumálin sem koma til greina. Þannig má telja ólíklegt að fólk velji tungumál eins og t.d. dönsku eða spænsku sem tölvumál, a.m.k. ekki nema sérstakar og e.t.v. persónulegar ástæður séu fyrir hendi.

7.7 Mikilvægi máls í námi og starfi



Mynd 7a: Tölfræðileg greining svara heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.7 og S9.7.

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir út í afstöðu sína til mikilvægis íslenskukunnáttu og enskukunnáttu í tengslum við að ná árangri í námi og starfi til að varpa ljósi á ytri hvata til að ná valdi á málstaðli íslensku og ensku. Mynd 7a sýnir meðalsvar heimdraga (rauð lína) og heimsborgara (græn lína) við spurningunum *Góð íslenskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi* og *Góð enskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi*. Þegar spurt er um íslensku er marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 4,39) og heimsborgara (meðalt. 3,94) (Mann-Whitney U-próf: $U=283116$, $p<0,001$). Þegar spurt er um ensku er ekki marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 4,17) og heimsborgara (meðalt. 4,08) (Mann-Whitney U-próf: $U=238889$, $p=0,2$).



Mynd 7b: Dreifing svara heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.7 og S9.7.

Eins og áður segir snúa þessar spurningar að ytri hvata til að ná góðu valdi á viðurkenndu málsniði, þ.e. málstaðli íslensku og ensku (sjá §4 um málstaðal), í tengslum við að ná árangri í námi og starfi. Eins og greint er frá í kafla 4.2 felst ytri hvati í því að einstaklingi finnst að hann eigi eða verði að tileinka sér eitthvað af því að umhverfi hans gerir kröfu um það og er því áhugavert að skoða hvernig hóparnir tveir svara þessum spurningum. Athygli vekur að báðum hópum virðist þykja góð enskukunnátta mikilvæg í þessu samhengi og þá er ekki marktækur munur á svörum hópanna þegar spurt er um ensku ($p=0,2$), sbr. mynd 7a og umfjöllun um hana. Hins vegar er töluverður munur á svörum hópanna þegar spurt er um íslensku og eins og áður hafa heimdragar jákvæðari viðhorf til íslensku en heimsborgarar. Þannig eru 86% heimdraga annað hvort *mjög sammála* eða *frekar sammála* um mikilvægi góðrar íslenskukunnáttu í tengslum við að ná árangri í námi og starfi en 71% heimsborgara svara með slíkum hætti. Neikvæð svörun heimsborgara vekur jafnframt athygli en 12% heimsborgara eru *mjög ósammála* eða *frekar ósammála* andspænis 2% heimdraga. Þá er hærra hlutfall heimsborgara sem er *hvorki sammála né ósammála* eða 17% andspænis 11% heimdraga.


Neikvæðari viðhorf heimsborgara til mikilvægis góðrar íslenskukunnáttu þarf í raun ekki að koma á óvart í ljósi þess að einstaklingar innan þessa hóps eiga það sameiginlegt að þeir sjá ekki endilega framtíð sína fyrir sér á Íslandi. Því hlýtur að teljast nokkuð eðlilegt að hópur sem sér framtíð sína fyrir sér annars staðar en í heimalandi sínu gefi lítið fyrir mikilvægi góðrar kunnáttu og tileinkunar málstaðals, sér í lagi þegar mikilvægið er tengt við að ná árangri í námi og starfi. Þá má jafnframt telja líklegt að slíkir einstaklingar finni ekki fyrir kröfu frá umhverfi sínu, þ.e. ytri hvata, hvað varðar tileinkun málstaðals. Segja mætti að þessi viðhorf heimsborgara komi nokkuð skýrt fram í því að hlutfall jákvæðra svara er talsvert hærra þegar spurt er um mikilvægi góðrar enskukunnáttu í tengslum við að ná árangri í námi og starfi ásamt því sem hlutfall neikvæðra svara er lægra þegar spurt er um ensku en íslensku.

Eins má telja líklegt að einstaklingar sem sjá framtíð sína fyrir sér í heimalandi sínu finni fyrir ytri hvata til að vera góðir málnotendur móðurmálsins enda er hlutfall jákvæðra svara töluvert hærra meðal heimdraga en heimsborgara þegar spurt er um mikilvægi góðrar íslenskukunnáttu. Þá má jafnframt nefna að þótt heimdrögum þyki flestum góð enskukunnátta mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi meta þeir samt sem áður mikilvægi góðrar íslenskukunnáttu hærra en mikilvægi góðrar enskukunnáttu, þótt munurinn sé að vísu lítill. Þessar niðurstöður sýna því fram á mun á viðhorfum heimdraga og heimsborgara þar sem heimdrögum þykir góð kunnátta í bæði móðurmáli sínu og ensku mikilvæg í tengslum við að ná árangri en heimsborgarar meta mikilvægi ensku umfram mikilvægi móðurmáls síns í ákveðnum aðstæðum.

Þessar niðurstöður má einnig tengja við kenningar Bourdieu (1977, 2008) um auðmagn þar sem árangur í námi og starfi má skilgreina sem efnahagslegt auðmagn. Eins og rannsókn Weenink (2008) leiddi í ljós (§4.2) tengja ýmsir mikilvægi góðrar


enskukunnáttu við efnahagslegt auðmagn, þ.e. ávinning þess að búa yfir góðri færni í ensku í hnattrænum heimi. Þar sem heimsborgarar meta mikilvægi góðrar enskukunnáttu umfram mikilvægi góðrar íslenskukunnáttu í tengslum við árangur í námi og starfi má telja líklegt að heimsborgarar líti á tileinkun málstaðals ensku sem ákveðið efnahagslegt auðmagn. Þá eru neikvæðari viðhorf heimsborgara til mikilvægis góðrar íslenskukunnáttu á þessu sviði til marks um að heimsborgarar séu ólíklegri en heimdragar til að líta á tileinkun málstaðals íslensku sem efnahagslegt auðmagn.

7.8 Aðgangur að afþreyingarefni á tilteknu máli



Mynd 8a: Tölfræðileg greining svara heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.8 og S9.8.

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir út í afstöðu sína til mikilvægi þess að hafa góðan aðgang að afþreyingarefni á íslensku og ensku til að varpa ljósi á hvort einstaklingar taki afstöðu með öðru tungumálinu hvað afþreyingarefni varðar. Mynd 8a sýnir meðalsvar heimdraga (rauð lína) og heimsborgara (græn lína) við spurningunum *Það er mikilvægt að hafa góðan aðgang að afþreyingarefni á íslensku (t.d. bókum, sjónvarpsþáttum og bíómyndum)* og *Það er mikilvægt að hafa góðan aðgang að afþreyingarefni á ensku (t.d. bókum sjónvarpsþáttum og bíómyndum)*. Þegar spurt er um íslensku er marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 4,53) og heimsborgara (meðalt. 3,97) (Mann-Whitney U-próf: $U=292823,5$, $p<0,001$). Þegar spurt er um ensku er einnig marktækur munur á svörum heimdraga (meðalt. 3,71) og heimsborgara (meðalt. 3,94) (Mann-Whitney U-próf: $U=200101$, $p<0,001$).



Mynd 8b: Dreifing svara heimdraga og heimsborgara við spurningum S8.8 og S9.8.

Mynd 8b sýnir dreifingu svara heimsborgara og heimdraga við spurningum sem snúa að mikilvægi þess að hafa góðan aðgang að afþreyingarefni á íslensku og ensku. Þegar spurt er um íslensku er hlutfall jákvæðra svara töluvert hærra meðal heimdraga, eða 90% andspænis 69% heimsborgara. Þá er hlutfall neikvæðra svara hærra meðal heimsborgara, eða 11% andspænis 2% heimsborgara og þá vekur athygli að talsvert hærra hlutfall heimsborgara er *hvorki sammála né ósammála*, eða 20% andspænis 8% heimdraga. Þegar spurt er um mikilvægi góðs aðgengis að afþreyingarefni á ensku er hlutfall jákvæðra svara aftur á móti hærra meðal heimsborgara þar sem 68% heimsborgara er annað hvort *mjög sammála* eða *frekar sammála* en 62% heimdraga svarar með slíkum hætti. Hlutfall neikvæðra svara er jafnframt hærra meðal heimdraga eða 11% andspænis 6% heimsborgara.

Niðurstöðurnar á mynd 8b sýna því fram á að heimdragar taka nokkuð skýra afstöðu með móðurmáli sínu þegar spurt er um mikilvægi þess að hafa góðan aðgang að afþreyingarefni á tilteknu máli. Heimsborgarar virðast hins vegar ekki taka slíka afstöðu þar sem þeir svara báðum spurningum með svipuðum hætti ásamt því sem hlutfall hlutlausra svara, þ.e. *hvorki sammála né ósammála*, er hátt meðal heimsborgara í báðum

spurningum. Hér getur verið fróðlegt að huga að orðalagi spurningarinnar en í spurningunni vísar afþreyingarefni til t.d. bóka, sjónvarpsþátta og bíómynda. Þá má vera að afstöðuleysi heimsborgara stafi e.t.v. af því að heimsborgarar leggi einfaldlega minni áherslu á slíkt afþreyingarefni og leggi þess í stað meiri áherslu á t.d. vef- og samfélagsmiðla, sbr. töflu 1 og 1b (§2.2 og §5), sem sýnir að heimsborgarar séu líklegir til að hafa alþjóðlegt áhugasvið. Þar sem heimdragar eru líklegir til að hafa svæðisbundið áhugasvið, sbr. sömu töflur, má jafnframt telja líklegt að fremur skýr afstaða heimdraga stafi einmitt af áhugasviði þeirra og sökum svæðisbundinnar tengingar þess taki þeir afstöðu með móðurmálinu hvað afþreyingarefni varðar.

8. Samantekt

Í undanfarandi köflum hafa viðhorf tveggja menningarhópa, heimdraga og heimsborgara, verið borin saman með kerfisbundnum hætti. Samanburður á svörum hópanna tveggja leiðir margt áhugavert í ljós enda er oft töluverður munur á hópunum tveimur hvað varðar viðhorf til íslensku og ensku. Í næstu undirköflum verður greint frá helstu niðurstöðum hvors hóps fyrir sig ásamt því sem niðurstöðurnar verða greindar sem heild. Í lokin verða niðurstöðurnar settar í samhengi við heildarumfjöllun ritgerðarinnar annars vegar og þýðingu þeirra fyrir áframhaldandi rannsóknir á þessu sviði hins vegar.

8.1 Heimdragar

Þegar spurt er um íslensku eru heimdragar undantekningarlaust jákvæðari en heimsborgarar og þá er hlutfall neikvæðra svara hvað íslensku varðar í öllum tilvikum lægra meðal heimdraga. Heimdragar eru alltaf jákvæðari í garð íslensku en ensku en þó er munurinn stundum lítill, sbr. spurningarnar *Það er mikilvægt að vera góð(ur) í íslensku/ensku* (sjá §7.1) og *Góð íslenskukunnátta/enskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi* (sjá §7.7). Þó ber að hafa í huga að í þeim spurningum er ekki marktækur munur á svörum heimdraga og heimsborgara hvað ensku varðar. Næstum afgerandi hlutfall jákvæðra svara meðal heimdraga við spurningunni *Það skiptir mig máli að ég tali góða íslensku* (sjá §7.3) voru túlkuð sem rök fyrir því að tileinkun málstaðals íslensku sé hluti af kjörsjálfi heimdraga, sbr. hugmyndir Dörnyei um kjörsjálfi einstaklinga (sjá §4.2). Sömu niðurstöður voru einnig túlkaðar út frá kenningum Eckerts um stíl og merkimiða (sjá §4.3) og færð voru rök fyrir því að hátt hlutfall jákvæðra svara væru til marks um að það að tala vandaða íslensku væri mikilvægur merkimiði sem heimdragar nota til að skilgreina sig sem hluta af stærri hóp

og var gengið út frá því að sá hópur væri Íslendingar, sbr. umræðu um tengsl milli þjóðernis og móðurmáls (sjá §2.2 og 4.3).

Færð voru rök fyrir því að svör heimdraga við spurningunum *Það er mikilvægt að erlent sjónvarpsefni sé aðgengilegt með íslenskum/enskum texta* (sjá §7.5) séu annað hvort til marks um að heimdragar búi ekki yfir jafn góðri færni í ensku og heimsborgarar eða að þeir séu ekki jafn öruggir um enskufærni sína og heimsborgarar. Sú túlkun var byggð á tveimur atriðum. Í fyrsta lagi má líta á hátt hlutfall jákvæðra svara hvað varðar mikilvægi íslenskrar textunar með erlendu sjónvarpsefni sem rök fyrir þessum niðurstöðum þar sem textun á móðurmáli er mikilvæg þeim sem ekki búa yfir góðri færni í ensku. Í öðru lagi má telja að fremur lágt hlutfall jákvæðra svara hvað varðar mikilvægi enskrar textunar séu frekari rök fyrir þessum niðurstöðum þar sem einstaklingar þurfa vissulega að búa yfir vissri enskufærni svo hægt sé að nýta sér enskan texta.

Spurningarnar *Mér finnst best að hafa tæki (t.d. tölvur, síma og spjaldtölvur) stillt á íslensku/ensku* (sjá §7.6) sýndu fram á að herra hlutfall heimdraga kaus notkun íslensku sem tölvumáls en ensku og þessar niðurstöður voru athyglisverðar í ljósi fyrri umfjöllunar (sjá §2.1 og 3.2) um umdæmisvanda íslenskrar tungu á stafrænum vettvangi. Niðurstöðurnar voru túlkaðar á þann veg að heimdragar væru líklegir til að sýna viðleitni til notkunar íslensku á sviði sem hún stendur veikt í og að slík viðleitni væri jafnframt til marks um jákvæð viðhorf heimdraga til móðurmálsins. Einnig var greint frá því að líklegt væri að heimdragar fyndu fyrir ytri hvata til að vera góðir málnotendur móðurmálsins og var sú túlkun byggð á fremur jákvæðum svörum heimdraga við spurningunni *Góð íslenskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi* (sjá §7.7). Þá taka heimdragar nokkuð skýra afstöðu með móðurmálinu þegar

spurt er um mikilvægi þess að hafa góðan aðgang að afþreyingarefni á tilteknu tungumáli (sjá §7.8) og færð voru rök fyrir því að afstaða heimdraga með móðurmálinu í tengslum við afþreyingarefni stafaði e.t.v. af svæðisbundnu áhugasviði þeirra.

8.2 Heimborgarar

Heimborgarar virðast hafa jákvæðara viðhorf til ensku þar sem hlutfall jákvæðra svara meðal heimborgara er í flestum tilvikum hærra þegar spurt er um ensku en íslensku. Spurningarnar *Það er mikilvægt að erlent sjónvarpsefni sé aðgengilegt með íslenskum/enskum texta* (sjá §7.5) og *Það er mikilvægt að hafa góðan aðgang að afþreyingarefni á íslensku/ensku (t.d. bókum, sjónvarpsþáttum og bíómyndum)* (sjá §7.8) skera sig úr þar sem hlutfall jákvæðra svara er hærra þegar spurt er um íslensku. Í þeim spurningum, þ.e. þegar spurt er um íslensku, er hlutfall jákvæðra svara samt sem áður hærra meðal heimdraga og taka heimdragar því alltaf sterkari afstöðu með móðurmálinu. Þá er hlutfall neikvæðra svara hvað íslensku varðar í öllum tilvikum hærra meðal heimborgara en heimdraga ásamt því sem hlutfall hlutlausra svara er alltaf hærra meðal heimborgara þegar spurt er um íslensku.

Færð voru rök fyrir því að heimdragar væru mun ólíklegri en heimborgarar til að finna fyrir innri hvata til að tileinka sér málstaðal íslensku þar sem hlutfall jákvæðra svara við spurningunni *Það skiptir mig máli að ég tali góða íslensku* (sjá §7.3) er töluvert lægra meðal heimborgara en heimdraga. Heimborgarar eru aftur á móti líklegri til að finna fyrir innri hvata til að tileinka sér málstaðal ensku þar sem hlutfall jákvæðra svara er hærra þegar spurt er um ensku (sjá §7.3). Svör heimborgara við spurningunum *Ég er oft í aðstæðum þar sem mikilvægt er að vera góð(ur) í íslensku/ensku* (sjá §7.4) vöktu athygli þar sem hærra hlutfall heimborgara telur sig oft vera í aðstæður sem reyna á færni þeirra í ensku en í íslensku. Þessi svör heimborgara voru túlkuð sem rök fyrir því

að heimsborgarar byggju yfir svonefndu heimsborgarasjálfi og þar sem heimsborgarasjálfi felur m.a. í sér áhuga á alþjóðlegum málefnum og löngun til að búa eða starfa erlendis væru heimsborgarar líklegir til að sækjast í aðstæður sem reyna á enskufærni þeirra.

Þá var einnig greint frá því að líklegt væri að heimsborgarar byggju annað hvort yfir betri færni í ensku en heimdragar eða að þeir væru öruggari um enskufærni sína þar sem heimsborgurum þótti mikilvægi íslenskrar textunar með erlendu sjónvarpsefni ekki jafn mikilvæg og heimdrögum (sjá §7.5). Heimsborgarar voru hins vegar jákvæðari en heimdragar fyrir mikilvægi enskrar textunar og voru þær niðurstöður túlkaðar sem frekari rök fyrir þessu þar sem enskur texti er aðeins gagnlegur þeim sem búa yfir vissri færni í ensku. Þá var jafnframt tekið fram að enskur texti gæti verið gagnlegur þeim sem vilja bæta enskukunnáttu sína og því væri meiri jákvæðni heimsborgara gagnvart mikilvægi enskrar textunar e.t.v. til marks um vilja heimsborgara til að efla enskukunnáttu sína. Þá leiddu spurningarnar *Mér finnst best að hafa tæki (t.d. tölvur, síma og spjaldtölvur) stillt á íslensku/ensku* (sjá §7.6) í ljós að heimsborgarar voru mun neikvæðari en heimdragar gagnvart notkun íslensku sem tölvumáls þar sem hlutfall jákvæðra svara var töluvert lægra meðal heimsborgara en heimdraga þegar spurt var um íslensku. Aftur á móti var hlutfall jákvæðara svara talsvert hærra meðal heimsborgara þegar spurt var um notkun ensku sem tölvumáls. Þessar niðurstöður voru túlkaðar sem rök fyrir því að heimsborgarar væru ólíklegri en heimdragar til að sýna viðleitni til þess að nota íslensku á sviðum þar sem hún hefur veika stöðu.

Svör heimsborgara við spurningunum *Góð íslenskukunnátta/enskukunnátta er mikilvæg til að ná árangri í námi og starfi* (sjá §7.7) sýndu fram á að heimsborgarar væru ólíklegri en heimdragar til að finna fyrir ytri hvata til að ná góðu valdi á málstaðli

íslensku. Sú túlkun var byggð á því að hlutfall jákvæðra svara er talsvert lægra meðal heimsborgara ásamt því sem hlutfall neikvæðra svara var fremur hátt meðal heimsborgara. Heimsborgarar voru aftur á móti jákvæðari þegar spurt var um ensku og var sú niðurstaða sett í samhengi við kenningar Bourdieu um auðmagn og voru færð rök fyrir því að heimsborgarar litu e.t.v. á tileinkun málstaðals ensku sem ákveðið efnahagslegt auðmagn.

Afstöðuleysi heimsborgara gagnvart spurningum sem sneru að mikilvægi þess að hafa góðan aðgang að afþreyingarefni á íslensku og/eða ensku (sjá §7.8) vakti athygli en ólíkt heimdrögum tóku heimsborgarar ekki afstöðu með tungumálunum í tengslum við afþreyingarefni. Þannig var lítill munur á svörum heimsborgara við spurningum sem sneru að mikilvægi þess að hafa aðgengi að afþreyingarefni á íslensku og ensku var hlutfall hlutlausra svara hátt hvað bæði tungumál varðar. Greint var frá því að afstöðuleysi heimsborgara mætti e.t.v. rekja til orðalags spurningarinnar, þ.e. þess hvers afþreyingarefni var látið vísa til (t.d. bóka, sjónvarpsþátta og bíómynda). Færð voru rök fyrir því að ákveðnir þættir sem taldir eru líklegir til að vera einkennandi fyrir heimdraga og heimsborgara, sbr. töflu 1 og 1b, gerðu það mögulega að verkum að heimsborgarar legðu einfaldlega ekki áherslu á slíkt afþreyingarefni en kysu þess í stað e.t.v. afþreyingarefni á borð við vef- og samfélagsmiðla.

8.3 Heildarsamantekt

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á að heimdragar hafa jákvæðara viðhorf til íslensku en til ensku og að heimsborgarar hafa jákvæðara viðhorf til ensku en til íslensku. Þá virðast heimdragar einnig hafa fremur jákvætt viðhorf til ensku þar sem oft er lítill munur á svörum heimdraga við spurningum sem snúa að íslensku annars vegar og ensku hins vegar. Það gefur til kynna að heimdragar geri sér grein fyrir mikilvægi

ensku en mikilvægi ensku virðist samt sem áður ekki draga úr mikilvægi íslensku þar sem heimdragar eru alltaf jákvæðari í garð íslensku. Meiri munur er á svörum heimsborgara við spurningum sem snúa að íslensku og ensku og hafa heimsborgarar í flestum tilvikum jákvæðari viðhorf til ensku ásamt því sem hlutfall neikvæðra svara hvað íslensku varðar er alltaf hærra meðal heimsborgara en heimdraga. Heimsborgarar eru þannig líklegri en heimdragar til að taka afstöðu til tungumálanna tveggja þar sem mikilvægi ensku er yfirleitt metið umfram mikilvægi íslensku.

Þá er alltaf marktækur munur á svörum heimdraga og heimsborgara við spurningum sem snúa að íslensku en í tveimur af átta spurningum sem snúa að ensku er ekki marktækur munur á svörum hópanna. Það sýnir að meiri munur sé á viðhorfum heimdraga og heimsborgara til íslensku en til ensku þar sem báðir virðast meta mikilvægi ensku fremur hátt. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa því til kynna að heimsborgaravæðing virðist hafa meiri áhrif á móðurmál einstaklinga en ensku, þ.e. ef móðurmálið er ekki enska, og eru þær niðurstöður sem hér hefur verið greint frá eru til marks um að heimsborgaravæðing virðist snúa að því að heimsborgarar þrói með sér neikvæðari viðhorf til móðurmálsins en til ensku fremur en að heimdragar þrói með sér neikvæð viðhorf til ensku.

Kerfisbundinn samanburður á viðhorfum heimdraga og heimsborgara til íslensku og ensku sýnir fram á töluverðan mun á viðhorfum hópanna og er sá breytileiki sem hér hefur verið greint frá til marks um að menningarlegur hvati getur haft mótandi áhrif á viðhorf einstaklinga til tungumála. Það þýðir að þegar hugað er að viðhorfum einstaklinga til mismunandi tungumála er mikilvægt að gerð sé grein fyrir menningarlegri samsvörun þeirra og hvernig einstaklingar skilgreina sjálfsmýnd sína í menningarlegu samhengi enda geta slíkir þættir átt þátt í því að skýra ólík viðhorf

einstaklinga. Áhugavert væri að fylgja þessum niðurstöðum eftir með því að kanna einstaklinga innan hvors hóps betur, t.d. hvað varðar aldursdreifingu, menntunarstig og búsetu, en slíkir þættir gætu átt þátt í því að skýra hvers konar einstaklingar það eru sem hallast ýmist að staðbundinni menningu og þjóðerni eða að alþjóðlegu menningarsviði.

Heimildaskrá

- Albrow, M. (1996). *The Global Age*. Cambridge: Polity Press.
- Ambrose, S. E., Van Dam, M. og Moeller, M. P. (2014). Linguistic input, electronic media, and communication outcomes in toddlers with hearing loss. *Ear and Hearing*, 35(2), 139–147.
- Anton Karl Ingason, Legate, J. A. og Yang, C. (2013). The Evolutionary Trajectory of the Icelandic New Passive. *University of Pennsylvania Working Papers in Linguistics* 19(2), 91–100.
- Ari Páll Kristinsson. (2017). *Málheimar. Sithvað um málstefnu og málnotkun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Auður Hauksdóttir. (2007). Straumar og stefnur í tungumálakennslu. Í Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstjórar), *Mál málanna. Um nám og kennslu erlendra tungumála* (bls. 155–199). Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- Berger, P. og Huntington, S. (ritstjórar). (2002). *Many Globalizations – Cultural Diversity and the Contemporary World*. Oxford: Oxford University Press.
- Bourdieu, P. (1977). Cultural reproduction and social reproduction. Í J. Karabel, og A. H. Halsey (ritstjórar), *Power and Ideology in Education* (bls. 487–510). Oxford: Oxford University Press.
- Bourdieu, P. (2008). Language and symbolic power. Í A. Jaworski og N. Coupland (ritstjórar), *The Discourse Reader* (bls. 480–490). London – New York: Routledge.
- Brenzinger, M. (2000). Language Contact and Language Displacement. Í F. Coulmas (ritstjóri), *The Handbook of Sociolinguistics* (bls. 273–284). Massachusetts: Blackwell Publishers.
- Corrigan, J. K. (1992). ‘“I gcuntas Dé múin Béarla do na leanbháin“ eismirce agus an Ghaeilge sa naoú déag. “For God’s sake teach the children English“: Emigration and the Irish language in the 19th century. Í P. O’Sullivan (ritstjóri), *The Irish in the New Communities* (bls. 143–161). Leicester: Leicester University Press.
- Curzan, A. (2014). *Fixing English. Prescriptivism and language history*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Dagbjört Guðmundsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2018, 10. mars). Stafrænt ílag – eðli þess og áhrif á íslensku. Erindi flutt á Hugvísindafingi, Reykjavík.
- Deumert, A. (2014). *Sociolinguistics and Mobile Communication*. Edinborg: Edinburgh University Press.
- Dovring, K. (1997). *English as a Lingua Franca: Global Talk in Global Persuasion*. Westport Connecticut: Praeger.

- Dörnyei, Z. (1994). Motivation and motivating in the foreign language classroom. *The Modern Language Journal*, 78(4), 273–284.
- Dörnyei, Z. (2005). *The psychology of the language learner: Individual differences in second language acquisition*. New York: Lawrence Erlbaum Associates.
- Dörnyei, Z. (2009). The L2 motivational self system. Í Z. Dörnyei og E. Ushioda (ritstjórar), *Motivation, Language Identity and the L2 self* (bls. 9–42). Bristol: Multilingual Matters.
- Eckert, P. (1989). *Jocks and burnouts: Social Categories and Identity in the High School*. New York: Teachers College Press.
- Eckert, P. (2012). Three Waves of Variation Study: The Emergence of Meaning in the study of Sociolinguistic Variation. *Annual Review of Anthropology*, 41(1), 87–100.
- Einar Freyr Sigurðsson. (2012). *Germynd en samt þolmynd: Um nýju þolmyndina í íslensku* (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Einar Freyr Sigurðsson. (2017). *Deriving Case, Agreement and Voice Phenomena in Syntax* (doktorsritgerð, University of Pennsylvania, Filadelfía). Sótt af 14. apríl 2018 af ling.auf.net/lingbuzz/003631/current.pdf
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2015a, 29. október). Verður íslenska gjaldgeng í stafrænum heimi? Hugrás, vefrit hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Sótt 1. mars 2018 af <https://hugras.is/2015/10/verdur-islenska-gjaldgeng-i-stafrænum-heimi/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2015b, 15. nóvember). Að breyta fjalli staðli. *Hugrás, vefrit hugvísindasviðs Háskóla Íslands*. Sótt 5. mars 2018 af <http://hugras.is/2015/11/ad-breyta-fjalli-stadli/>
- Friedman, J. (1994). *Cultural Identity and Global Process*. London: Sage Publications.
- Gardner, R. C. (1985). *Social psychology and second language learning: The role of attitudes and motivation*. London: Edward Arnold.
- Gardner, W.E. og Lambert, R. C. (1972). *Attitudes and motivation in second language learning*. Rowley, MA: Newbury house.
- Giddens, A. (1999). *Runaway World: How Globalization is Reshaping our Lives*. London: Profile Books.
- Guðjón Friðriksson. (2000). *Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Reykjavík: Iðunn.
- Gunnar Karlsson. (1995). The Emergence of Nationalism in Iceland. Í S. Tagil (ritstjóri), *Ethnicity and Nation Building in the Nordic World* (bls. 33–62). London: Hurst & Company.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Bakgrunnur. Sótt 23. febrúar 2018 af <https://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/bakgrunnur/>

- Hagstofa Íslands. (2014, 27. janúar). Tölvu- og netnotkun mest á Íslandi af öllum Evrópulöndum. Sótt 26. febrúar 2018 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/visindi-og-taekni/tolvu-og-netnotkun-mest-a-islendi-af-ollum-evropulondum/>
- Hagstofa Íslands. (2017, 16. júní). Innflytjendum heldur áfram að fjölga. Sótt 24. febrúar 2018 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-ef-tir-bakgrunni-2017/>
- Helgi Hálfðanarson. (1985, 24. apríl). Í Skímunni. *Morgunblaðið*, bls. 32–33.
- Helgi Skúli Kjartansson. (1991). Nýstárleg þolmynd í barnamáli. *Skíma*, 14(1), 18–22.
- Hindley, R. (1990). *The death of the Irish language. A qualified obituary*. London: Routledge.
- Holliday, N. (2016). *Intonational Variation, Linguistic Style and the Black/Biracial Experience* (doktorsritgerð, New York University, New York). Sótt 10. apríl 2018 af https://www.academia.edu/27132674/Intonational_Variation_Linguistic_Style_and_the_Black_Biracial_Experience
- Holliday, N. (2018). „My Presiden(t) and firs(t) lady were black“: Style, Context and Coronal Stop Deletion in the Speech of Barack and Michelle Obama. *American Speech*, 92(4), 459-486.
- Ingibjörg Bergmann. (2017, 12. janúar). Kannt þú íslensku? Sótt 12. apríl 2018 af <http://www.kaffid.is/ert-thu-omurlegur-i-islensku/>
- Internet live stats. (e.d.). Internet Users by Country (2016). Sótt 22. mars 2018 af <http://www.internetlivestats.com/internet-users-by-country/>
- Íslensk málnefnd. (2015, 29. ágúst). Íslensk málstefna fimm ára. Staðan metin. Sótt 3. apríl 2018 af <http://islenskan.is/images/Islensk-malstefna-fimm-ara-stadan-metin.pdf>
- Jóhannes Gísli Jónsson. (2009). The New Impersonal as a True Passive. Í A. Alexiadou, T. Hankhamer, J. Nuger og F. Schäfer (ritstjórar), *Advances in Comperative Germanic Syntax* (bls. 281–306). Amsterdam: John Benjamins.
- Kendall, G., Woodward, I. og Skrbris, Z. (2009). *The Sociology of Cosmopolitanism. Globalization, Identity, Culture and Government*. United Kingdom: Palgrave Macmillan.
- Koolstra, C. M., Peeters, A. L. og Spinhof, H. (2002). The Pros and Cons of Dubbing and Subtitling. *European Journal of Communication*, 17(3), 325–354.
- Kornai, A. (2013). Digital Language Death. *PloS ONE* 8(10): e77056. doi:10.1371/journal.pone.0077056

- Krashen, S. (1982). *Principles and practice in second language acquisition*. Oxford: Pergamon Press.
- Kristiansen, G. (2010). Lectal acquisition and linguistic stereotype formation. Í D. Geeraerts, G. Kristiansen. og Y. Piersman (ritstjórar), *Advances in Cognitive Sociolinguistics* (bls. 225–264). Berlín og New York: Walter de Gruyter GmbH.
- Kristiansen, T. (2006). (ritstjóri). *Nordiske sprogholdninger. En masketest*. Oslo: Novus.
- Kroch, A. og Taylor, A. (1994). The Syntax of Verb Movement in Middle English: Dialect Variation and Language Contact. *University of Pennsylvania Working Papers in Linguistics*, 1(1), 43–68.
- Kwon, S. (2014). Noam Chomsky's vowel changes across the lifespan. *Selected papers from NAWAV 42, University of Pennsylvania Working Papers in Linguistics*, 20(2), 91–100.
- Labov, W. (1966). *The Social Stratification of (r) in New York City*. Washington, DC: Center for applied Linguistics.
- Labov, W. (1972). *Sociolinguistic Patterns*. Oxford: Basil Blackwell.
- Labov, W. (1994). Principles of Linguistic Change. *Internal Factors: 1. bindi*. Cambridge og Oxford: Blackwell.
- Labov, W. (2007). Transmission and Diffusion. *Language*, 83(2), 344–387.
- Labov, W. og Harris W. A. (1986). De facto segregation of black and white vernaculars. Í D. Sankoff (ritstjóri), *Diversity and Diachrony* (bls. 1–24). Amsterdam: John Benjamins.
- Legate, J. A. (2014). *Voice and v: Lessons from Acehnese*. Massachusetts: MIT Press.
- Lightfoot, D. (2006). *How New Languages Emerge*. New York: Cambridge University Press.
- Lilja Björk Stefánsdóttir og Anton Karl Ingason. (2018). A high definition study on syntactic lifespan change. *University of Pennsylvania Working Papers in Linguistics*, 24(1), 167–178.
- Longobardi, G. (2001). Formal syntax, diachronic minimalism, and etymology: The History of French chez. *Linguistic Inquiry*, 32(2), 275–302.
- Mac Giolla Chríost, D. (2005). *The Irish Language in Ireland. From Góidel to globalisation*. London og New York: Routledge.
- MacKenzie, L. (2017). Frequency effects over the lifespan: A case study of Attenborough's r's. *Linguistics Vanguard*, 3(1), 566–596.
- Market Media Research. (e.d.). Íslendingar snjallsímavæddir. Sótt 25. febrúar af <https://mmr.is/frettir/birtar-nieurstoeeur/552-islendingar-snjallsimavaeddir>

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011 – greinasvið 2013*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Milroy, J. og Milroy, L. (1999). *Authority in Language. Investigating Standard English* (3. útg.). London og New York: Routledge.
- Mills, C. W. (1956). *White Collar: The American Middle Class*. Oxford: Oxford University Press.
- Oddný G. Sverrisdóttir. (2007). Um mikilvægi hvatatengds tungumálanáms. Þýskubíllinn skorar í tungumálanámi. Í Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstjórar), *Mál málanna. Um nám og kennslu erlendra tungumála* (bls. 137–153). Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum fræðum.
- Parekh, B. (2006). *Rethinking multiculturalism. Cultural diversity and political theory* (2. útg.) Basingstoke og New York: Palgrave Macmillan.
- Rantanen, T. (2005). *The Media and Globalization*. London: Sage Publications Ltd.
- Romaine, S. (1995). *Bilingualism*. Oxford: Blackwell Publishers.
- Sankoff, D. og Laberge, S. (1978). The linguistic market and the statistical explanation of variability. Í D. Sankoff (ritstjóri), *Linguistic Variation: Models and methods* (bls. 239–250). New York: Academic Press.
- Sankoff, G. (2004). Adolescents, young adults and the critical period: Two case studies from „Seven Up“. Í C. Fought (ritstjóri), *Sociolinguistic Variation* (bls. 121–139). Oxford: Oxford University Press.
- Sankoff, G. og Blondeau, H. (2007). Language change across the lifespan: /r/ in Montreal French. *Language* 83(3), 560–588.
- Schunk, D. H., Pintrich, P. R. og Meece, J. L. (2010). *Motivation in education: Theory, research and applications* (3. útg.). New Jersey: Merrill/Pearson.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. (2001). „Það var hrint mér á leiðinni í skólann“. Þolmynd eða ekki þolmynd? *Íslenskt mál*, 23(1), 123–180.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2013). Máltaka barna og meðfæddur málhæfileiki. Í Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstjórar), *Chomsky. Mál, sál og samfélag* (bls. 107–127). Reykjavík: Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2017). Nýja þolmyndin nú og þá: Samanburður tveggja kannana. Í Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstjórar), *Tilbrigði í íslenskri setningagerð III. Sérathuganir* (bls. 241–272). Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. (2005). *Ísland í breyttu þjóðfélagsumhverfi I. Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Steingerður Ólafsdóttir. (2017). Smábörnin með snjalltækin. Aðgengur barnanna og viðhorf foreldra. Sótt 1. mars 2018 af http://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/001.pdf
- Sverrir Jakobsson. (2003). Sjálfsmyndir miðalda og uppruni Íslendinga. Í Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstjórar), *Þjóðerni í þúsund ár?* (bls. 17–37). Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Thomason, S. (2001). *Language Contact: An Introduction*. Edinburgh: University of Edinburgh.
- Tinna Frímann Jökulsdóttir. (2018, 10. mars). „I didn't understand that. Please try again.“ Samskipti Íslendinga og stafrænna aðstoðarmanna. Erindi flutt á Hugvísindapíngi, Reykjavík.
- Usihoda, E. og Dörnyei, Z. (2012). Motivation. Í S. Gass og A. Mackey (ritstjórar), *The Routledge Handbook of Second Language Acquisition* (bls. 396–409). New York: Routledge.
- Velferðarráðuneytið. (2012). Fólksflutningar til og frá Íslandi 1961-2011 með áherslu á flutninga á samdráttarskeiðum [Skýrsla unnin af Ólöfu Garðarsdóttur prófessor við menntavísindasvið HÍ, fyrir velferðarráðuneytið]. Sótt 6. febrúar 2018 af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur2012/Folksflutningar_03042012.pdf
- Walkden, G. (2012). Against inertia. *Lingua*, 122(8), 891–901.
- Weenink, D. (2008). Cosmopolitanism as a Form of Capital. Parents Preparing their Children for a Globalizing World. *Sociology: The Journal of the British Sociological Association*, 42(6), 1089–1106.
- Yashima, T. (2002). Willingness to communicate in a second language: The Japanese EFL context. *Modern Language Journal*, 86(1), 54–66.
- Zimmerman, F.J, Christatakis, D. A. og Meltzoff, A. N. (2007). Associations between media viewing and language development in children under age 2. *The Journal of pediatrics*, 151(4), 364–368.
- Þorbjörn Broddason. (2005). *Ritlist, prentlist og nýmiðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þorvaldur Gylfason. (2002). Hvers virði er tunga sem týnist? *Málfregnir*, 12(21), 49–54.
- Þórhallur Eyþórsson. (2008). The New Passive in Icelandic Really is a Passive. Í Þórhallur Eyþórsson (ritstjóri), *Grammatical Change and Linguistic Theory: The Rosendal Papers* (bls. 173–219). Amsterdam: John Benjamins.